

Bæjarins besta

ÓHÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRÐUM

Miðvikudagur 29. janúar 1997 • 4. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

Vöruval kaupir rekstur Björnsbúðar

Verslunin áfram rek- in undir sama nafni

Á föstudag var gengið frá kaupum Vöruvals hf., á rekstri verslunar Björns Guðmundssonar á Ísafirði, eða Björnsbúð eins og hún er kölluð í daglegu tali. Með kaupnum eru eigendur Vöruvals að tryggja stöðu sína gagnvart aðalkeppinautinum, Samkaupum, sem hófu rekstur matvöruverslunar í húsnæði Kaupfélags Ísfirðinga í desember síðastliðnum. Að sögn Benedikts Kristjánssonar, framkvæmdastjóra Vöruvals, er hann með kaupnum að mæta aukinni samkeppni, sérstaklega hvað varðar aukinn opnunartíma matvöruverslana á svæðinu. Björnsbúð hefur verið í eigu sömu fjölskyldu í 103 ár, en verslunin var stofnuð árið 1894 af Bimi Guðmundssyni, gullsmið á Ísafirði.

„Við teljum að það sé hagkvæmara fyrir okkur að mæta aukinni samkeppni, meðal annars hvað varðar opnunartíma, með því að fara með hluta af rekstri Vöruvals á Eyrina. Ég hef verið þeirrar skoðunar að það sé ekki nauðsynlegt að opnunartími verslana á Ísafirði fylgi opnunartíma verslana í Reykjavík en það hefur legið fyrir að ég yrði einhvern veginn að mæta þeirri samkeppni sem hér er til staðar og ég tel að kaupin á rekstri Björnsbúðar sé skynsamlegasta leiðin í því sambandi,” sagði Benedikt Kristjánsson í samtali við blaðið.

Opnunartími hinnar nýju verslunar, sem að sögn Benedikts mun áfram bera nafnið Björnsbúð, verður frá kl. 9-21 mánudaga til föstudaga, frá kl.

9-18 á laugardögum og frá kl. 13-16 á sunnudögum. „Því er ekki að neita að við erum svolítið út úr hér á Skeiði. Mitt mat er það að ef ég færi úti í að auka opnunartímann þar, þyrfti ég að gera það í samráði við aðra verslunareigendur í húsinu en almenn skynsemi segir mér að það sé mjög kostnaðarsamt og að öllu leyti óhagkvæmara en kaupin á Björnsbúð.”

Verslun Björns Guðmundssonar mun opna undir stjórn nýs eiganda á laugardag, 1. febrúar, en þann dag verður verslunin Vöruval á Ísafirði 10 ára. Verslunarstjóri Björnsbúðar hefur verið ráðinn Finnur Magnússon, sem undanfarið ár hefur starfað hjá Bókaverslun Jónasar Tómassonar á Ísafirði. Sjá nánar frétt á bls. 2 og 3.



Þorrinn hófst á föstudag

Þorrinn hófst á föstudag og þar með tímabil þar sem fjölmargir landsmenn njóta þjóðlegra matvæla s.s. harðfisks, hákarls, sláturs, sviðasultu og súrmats, svo fátt eitt sé

nefnt. Hið árlega þorrablót Bolvíkinga var haldið í félagsheimilinu í Bolungarvík á laugardag og vistmenn á Bræðratungu, heimili fatlaðra á Ísafirði, blótuðu þorra á föstudag. Meðal þeirra sem nutu

góðs matar og skemmtunar að Bræðratungu, var Halldóra Guðmundsdóttir frá Bolungarvík, sem hér sést taka hraustlega til matar síns. Sjá nánar frétt og myndir á bls. 4.



Ísafjörður

Guðbjörg með fullfermi af rækju

Guðbjörg ÍS-46, skip Samherja hf., á Akureyri kom til Ísafjarðar á laugardagskvöld með fullfermi úr fyrstu veiðiferð ársins. Vegna óveðurs komst skipið ekki að bryggju fyrr en á sunnudag og hófst löndun úr því á mánudag. Heildarafli skipsins var 312 tonn af frystri rækju að verð-

mæti um 44 milljónir króna. Allur afli skipsins fékkst djúpt út af Norðurlandi og hefur verið ákveðið að skipið haldi sig á heimamíðum í næstu veiðiferð. Um 157 tonn af afla Guðbjargarinnar, svonefnd iðnaðarrækja, fer til vinnslu hjá Bakka hf., í Hnífsdal og Bolungarvík, í skiptum fyrir rækju-

kvóta á Flæmingjagrunni. Skipstjóri í veiðiferðinni var Guðbjartur Ásgeirsson.

Forráðamenn Samherja, þeir Þorsteinn Már Baldvinsson og Þorsteinn Vilhelmsson fundu með áhöfn Guðbjargar á mánudag þar sem áhöfninni var gerð grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á rekstrinum.

Ísafjarðarflugvöllur

Lengsti óveðurskaflí í fimmtán mánuði

Þrjár flugvélar Flugleiða lentu á Ísafjarðarflugvelli á mánudag eftir lengsta óveðurskafla sem hamlað hefur flugi í fimmtán mánuði eða síðan í október 1995 en ekkert flug var á vegum Flugleiða til og frá Ísafirði frá miðvikudegi í síðustu viku til mánudags. Að sögn Arnórs Jónatanssonar, umdæmisstjóra Flugleiða, biðu um 400 manns eftir flugi á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur fyrir helgi og afbokaði rúmlega helmingur þeirra pöntun sína er ljóst var að ekkert yrði af flugi á laugardag.

„Í október 1995 var ófært í fimm daga samfelld og síðan þá hefur ekki verið ófært í jafn marga daga og nú, eða fjóra daga. Það biðu um 400 manns eftir flugi fyrir helgina, 200 héðan og 200 frá Reykjavík. Þegar ljóst var að ekki yrði flogið var mikið um afbókanir, sérstaklega í flugi til Reykjavíkur. Á mánudag fóru 55 manns með flugi til Reykjavíkur og um 100 manns komu að sunnan, afpantanirnar hafa því verið nær 250. Flestir þeirra sem ætluðu suður, höfðu sett stefnuna á Sólarlaffi Ísfirðinga

sem haldið var á laugardag,” sagði Arnór.

Frá og með mánudeginum hófst voráætlun Flugleiða og samkvæmt henni eru tvær vélar á áætlun alla daga vikunnar, nema þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga, en þá daga flýgur félagið þrjár ferðir á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar. Samkvæmt voráætluninni er mæting á Ísafjarðarflugvelli kl. 09:40 og kl. 17:30 í stað 10:30 og 15:30. Mæting í hádegisvélina á þriðjudögum, miðvikudögum og föstudögum er kl. 12:50.

Blaðsíða 5

**Átján milljónir
boðnar í
Reykjanesskóla**

Blaðsíða 6

**Svipmyndir frá
árlegu þorra-
blóti Bolvíkinga**

Blaðsíða 7

**Framleiðir gæða-
vöru í neytenda-
pakkningar**

Björnsbúð skiptir um eigendur eftir 103 ár í höndum sömu fjölskyldu

Spurningin

Er Samherji bjargvætturinn góði?



Aðalbjörn Jóakimsson, framkvæmdastjóri Bakka hf.:

„Við vorum að leita okkur að rækju eftir að við misstum Skutul úrvíðskiptum, en eins og kunnugt er þá ákváðu bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og verkafélagsfélagið Baldur að ganga til liðs við Öliúfélagið hf., og setja Togaraútgerðina inn í nýtt Básafell. Þar með misstum við ákveðna hraefnisöflun, en náðum þarna góðum samningum við Samherjamenn um kaup á rækju af Guðbjörginni sem við vinnum hér. Við munum einnig fá rækju úr næstu veiðiferð Guðbjargar þannig að mér finnst þetta sýna, þrátt fyrir umræðuna um að Ísafirðingar væru að missa spón úr aski sínum, að þá kemur þessi rækja núna til vinnslu hér á svæðinu sem hún gerði ekki áður.“

Tæp 160 tonn af afla Guðbjargar ÍS úr síðustu veiðiferð, fara til vinnslu hjá Bakka hf. í Hnífsdal og Bolungarvík. Guðbjörg ÍS er nú í eigu Samherja hf. á Akureyri og óttuðust margir að eftir sameiningu Hránnar hf. og Samherja hf. myndi skipið ekki verða gert út frá Ísafirði lengur. Annað virðist komið á daginn og að auki mun vestfirskt verkafólk nú fá að njóta hluta aflans.

Gengið hefur verið frá kaupum Vöruvals hf., á rekstri matvöruverslunar Björns Guðmundssonar á Ísafirði, eða Björnsbúð eins og hún er kölluð í daglegu tali. Nýr eigandi mun taka við rekstrinum laugardaginn 1. febrúar nk., en þann dag fagnar Vöruval á Ísafirði, 10 ára afmæli sínu. Með kaupum Vöruvals á rekstri Björnsbúðar hefur verið brotið blað í ísfirskri verslunarsögu, en Björnsbúð hefur um 103 ára skeið verið í eigu sömu fjölskyldu. Eftir kaupin á Björnsbúð, en verslunin mun áfram vera rekin undir því nafni, reka eigendur Vöruvals fjórar verslanir á norðanverðum Vestfirðum, þ.e. tvær á Ísafirði, eina í Hnífsdal og eina í Bolungarvík. Að sögn Benedikts Kristjánssonar, kaupmanns í Vöruvali, eru kaupin á Björnsbúð hugsuð sem ákveðinn mótleikur í aukinni samkeppni á svæðinu, sérstaklega hvað varðar aukinn opnunartíma matvöruverslana.

„Við teljum að það sé hagkvæmara fyrir okkur að mæta aukinni samkeppni með því að fara með hluta af rekstri Vöruvals á Eyrina. Ég hef verið þeirrar skoðunar að það sé ekki nauðsynlegt að opnunartími verslana á Ísafirði fylgi opnunartíma verslana í Reykjavík, en það hefur legið fyrir að ég þyrfti á einhvern hátt að mæta þeirri samkeppni sem er hér til staðar og tel ég að kaupin á rekstri Björnsbúðar sé skynsamlegasta leiðin í því sam-

bandi,” sagði Benedikt Kristjánsson.

Að sögn Benedikts mun opnunartími Björnsbúðar verða frá kl. 9-21 frá mánudegi til föstudags, frá kl. 9-18 á laugardögum og frá kl. 13-16 á sunnudögum. „Því er ekki að neita að við erum svoltið út úr hér í firðinum. Mitt mat er það að það sé kostnaðarsamara að auka opnunartímann þar auk þess sem ég þyrfti að ákveða hann í samráði við aðra verslunareigendur í húsinu. Því tel

ég kaupin á rekstri Björnsbúðar skynsamlegustu leiðina í þessu sambandi. Við leigjum húsnæðið við Silfurgötu og munum opna þar á laugardag, á 10 ára afmæli Vöruvals á Ísafirði. Verslun Vöruvals í Bolungarvík er í daglegu tali nefnd Einarsbúð, líkt og var er hún var í eigu Einars Guðfinnssonar hf., og því sé ég enga ástæðu til að breyta nafni Björnsbúðar. Þessar verslanir eru fastir punktar í tilverunni og verða vonandi áfram.“

Benedikt vildi í samtali við blaðið, ekki gefa upp kaupverðið á rekstri Björnsbúðar. „Við kaupum lager, innréttningar og tæki verslunarinnar og leigjum húsnæðið en kaupverðið er ekki gefið upp,” sagði Benedikt. Verslunarstjóri Björnsbúðar hefur verið ráðinn Finnur Magnússon, sem undanfarin tvö ár hefur starfað hjá Bókaverslun Jónasar Tómassonar á Ísafirði. Finnur hefur stundað verslunarstörf og versl-



Benedikt Kristjánsson, kaupmaður í Vöruvali.

unarrekstur um áratuga skeið og hóf sinn feril í Verslun Björns Guðmundssonar árið 1962, þá 14 ára gamall.

Allt er breytingum háð

Í frétt frá eigendum Verslunar Björns Guðmundssonar, varðandi kaup Vöruvals á rekstri verslunarinnar segir



Finnur Magnússon, nýráðinn verslunarstjóri Björnsbúðar.

m.a.: „Á laugardaginn kemur, 1. febrúar, verður brotið blað í ísfirskri verslunarsögu er Björnsbúð skiptir um eigendur, eftir rúmlega 100 ár í höndum sömu fjölskyldu. Verslun Björns Guðmundssonar, Björnsbúð, var stofnuð árið 1894 af Birni Guðmundssyni, gullsmið. Fyrsta áratuginn rak hann verslunina að heimili sínu

Ísafjörður

Óboðinn gestur í barnarúminu

Fjölskylda ein á Ísafirði fékk heldur óskemmtilega heimsókn árla morguns á þriðjudag í síðustu viku. Um klukkan 06:30 um morguninn vöknudu húsráðendur við að sjö ára barn þeirra sagði mjög ólvaðan mann vera sofandi í rúmi sínu. Fóru húsráðendur, sem sváfu á neðri hæð hússins, þegar upp í

herbergi barnsins, sem er á annari hæð og blasti þá við þeim öldauður maður í rúmi barnsins.

Að sögn lögreglunnar á Ísafirði, mun hinn óboðni gestur hafa komið inn um dyr á þvottahúsi sem húsráðendur hafði láðst að læsa. Ljós var þar innandyra og mun það hafa

ýtt undir heimsókn mannsins. Maðurinn mun hafa ráfað um húsið og síðan haldið upp á aðra hæð og inn í barnaherbergið. Þar mun hann hafa dottið um leikföng og við hávaðan mun barnið þá hafa vaknað skelfingu lostið. Þar sem húsráðendum tókst ekki að vekja hinn óboðna gest var lög-

regla kölluð til. Náði hún að vekja manninn og fékk hann að sofa úr sér í fangageymslum lögreglunnar. Er hann vaknaði óskaði hann eftir að fá að hitta húsráðendur og það afsökunar á framferði sínu. Lögreglan hefur lagt fram kærú á hendur manninum.

Að sögn lögreglunnar hafa

heimsóknir sem þessar verið tíðar undanfarin misseri og vill hún því hvetja húsráðendur til að læsa hóbýlum sínum að næturlagi, sem og að læsa bifreiðum sínum. „Við búum ekki lengur í sveitasamfélagi og því verða allir að hafa varann á sér,” sagði lögreglu- maður í samtali við blaðið.

Bæjarins besta

Stofnab 14. nóvember 1994

Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólögötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
☐ 456 4564

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

Netfang:

hprent@snerpa.is

Stafræn útgáfa:

http://www.snerpa.is/bb

„Þá eiga Vestfirðingar ekki séns“

Leiðari

Fyrir þremur árum var spurt: Tilheyrir Sveinbjörn Jónsson, trillukarl, þjóðinni eða ríkinu? Tilefnið var grein eftir þingmann, sem hélt því fram að þjóðin og ríkið þyrftu ekki að vera það sama og að þjóðareign á fiskimiðunum færi mjög vel saman við leikreglur kvótakerfisins. „Með því er tilteknum aðilum að sjálfsgöðu úthlutað réttindum sem fá verð í viðskiptum og ýmsir hafa séð ofsjónum yfir,” sagði þingmaðurinn.

Sami Sveinbjörn, einn kunnasti trillukarl landsins, storkaði stjórnvöldum á effiminnilegan hátt sumarið 1995. Ásamt félögum sínum gerði hann uppreisn gegn kvótakerfinu, réri á þanndegi og dró sinn steinbít. Kerfiskarlarnir undu þessu ekki og kærðu Sveinbjörn. Þeir höfðu ekki erindi sem erfiði. Trillukarlinn frá Suðureyri knésetti þá. „Það er skemmst frá því að segja að ég var sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins sem þýðir raunverulega að við vorum ekki að brjóta lög á þeim, heldur voru þeir búnir að brjóta lög á okkur í mörg ár,” sagði þessi galvaski Súgfirðingur í skorinorðu viðtali við BB í síðustu viku.

„Ef kvótakerfið verður ekki afnumið, þá mun það hrynja og því get ég lofað,” sagði Sveinbjörn ennfremur. Hann kvað kvótakerfið sjúkdóm, sem lýsti sér eins og krabbamein. Með kvótakerfinu var ætluin að útrýma öllum smábátum. Það hefur ekki tekist enn. Verfiðarbátum hefur aftur á móti verið komið fyrir kattarnef. Afleiðingar þess þekkjum við.

Sveinbjörn Jónsson horfir ekki björtum augum til framtíðar frá sjónarhorni Vestfirðings: „Ef hugsanagangur stjórnvalda í efnahagsmálum og fiskveiðistjórnun breytist ekki, þá eiga Vestfirðingar ekki séns.“ Sveinbjörn er

kanski ekki meiri spámaður en gerist og gengur. Hinu verður ekki framhjá gengið, að maðurinn gjörþekkir kvótakerfið. Þess vegna ber að taka orð hans alvarlega.

Ummæli Sveinbjörns um afnám línutvöföldunar afhjúpa eðli kvótakerfisins: „Ég segi ekki að afnám tvöföldunarinnar hafi verið rothögg (á línuútgerðina) en það að hún skuli hafa leitt til svo mikils framboðs línubáta strax og búið var að verðgilda þetta sem eign, segir mér að hvatí útgerðarinnar hafi ekki verið hagkvæm útgerð, heldur væntingar um eignarhluta í veiðirétti.“

Þarna hittir Sveinbjörn naglann beint á höfuðið. Síbylla stjórnvalda og sægrefra um hagræðingu í útgerðinni snýst í raun og veru um eignarhluta í kvóta. Að áþreifanlegu dæmi þar um þurfum við hvorki að leita langt né lengi.

Sveinbjörn Jónsson segir Vestfirðinga litna hornauga vegna afstöðu þeirra í kvótamálinu, sem geti orðið mál mála í pólitíkinni. Og honum list engan veginn á að þar gerist menn hagsmunamenn hinna stóru og verji ránsfeng. „Kvótakerfið hefur alltaf verið kosningamál á Vestfirðum og ef það er að gerast á landsvísu sem Vestfirðingar hafa verið með í hausnum alla tíð, þá geta jafnvel hinir ágætustu menn fallið í valinn,” voru lokaorð Sveinbjörns í BB viðtalinu, sem er þungt lóð á vogarskálarnar í baráttunni gegn þeirri gifurlegu og siðlausu eignartilfærslu, sem á sér stað í þjóðfélaginu í skjóli kvótakerfisins.

s.h.

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.



Verslun Björns Guðmundssonar við Silfurgötu 1 á Ísafirði skiptir um eigendur á laugardag.

ad Smiðjugötu 10 hér í bæ, en árið 1904 flutti hann verslunina að Silfurgötu 1, þar sem hún hefur verið allar götur síðan.

Verslunin hefur ávallt verið rekin af sömu fjölskyldu, og fyrir marga verið fastur punktur í tilverunni. En allt er breytingum háð, og á jafn löngum tíma og raun ber vitni, hefur mannlífið tekið miklum stakkaskiptum og margt borið að, er ekki verður tíundað hér. Verslanir hafa komið og farið, en alltaf hefur Björnsbúð staðið við Silfurgötuna. Ekki stendur til að breyting verði þar á.

Í haust sem leið hætti Kaupfélag Ísafirðinga rekstri. Þá varð ljóst að tímabil langs stöðugleika í verslunarrekstri á Ísafirði var lokið, að miklar breytingar í umhverfi matvöruverslunar á Ísafirði væru í uppsiglingu. Jafnframt var ljóst að þeir einstaklingar er borið höfðu hitann og þungann af rekstri Björnsbúðar undanfarna áratugi, þeir bræður Aðalbjörn og Garðar Guðmundssynir og eiginkona Garðars, Jónína Jakobsdóttir, væru komin að þeim tímamótum í lífi sínu að tími væri kominn til að beygja

út af hraðbrautinni, inn á rólegri veg.

Erfiðir tímar án breytinga

Í framangreindri fréttatilkynningu frá eigendum Björnsbúðar segir að undanfarin ár hafi sú þróun verið áberandi í íslenskum fyrirtækjarekstri, að rekstrareiningarnar hafi verið að stækka og um leið hafi þeim fækkað, og hafi Ísafjörður ekki á neinn hátt verið undanskilinn í þeirri þróun, eins og komið hafi í ljós á breyttu eignarhaldi í ísfirskum fyrirtækjum undan-



Fyrrum rekstraraðilar verslunar Björns Guðmundssonar. Frá vinstri: Garðar Guðmundsson, Jónína Jakobsdóttir, Björn Garðarsson, Atli Garðarsson og Jakob Falur Garðarsson.

farna mánuði. „Þessi þróun er að mörgu leyti jákvæð, og sýnir að fjárfestar og stjórnendur fyrirtækja hafa trú á atvinnurekstri og fjárfestingum hér á svæðinu. Þessi þróun snertir Verslun Björns Guðmundssonar ehf., jafnt og önnur fyrirtæki. Án nokkurs bakhjarls, líkt og „Pinnar verslunar“ eða Búrs ehf., var ljóst að framundan væru að mörgu leyti erfiðari tímar. Það hefur því verið eigendum Björnsbúðar ljóst í nokkurn tíma að komið væri að tímamótum í rekstri verslunarinnar. Að vel athuguðu máli, varð sú breyting, sem nú

er að verða að veruleika, talinn besti kosturinn í stöðunni. Eigendur Björnsbúðar hafa notið þess í gegnum tíðina, að eiga stóran hóp viðskiptavina, sem haldið hafa tryggð við kaupmanninn sinn á horninu. Við tímamót þessi, er okkur, aðstandendum Björnsbúðar, efst í huga sérstakt þakklæti til allra okkar góðu viðskiptavina. En líkt og hverjum kaupmanni er nauðsyn að eiga góða viðskiptavini, er ekki síður nauðsynlegt að hafa á að skipa góðu starfsfólki. Björnsbúð hefur ávallt notið beggja. Því viljum við einnig þakka sérstaklega

öllu því fólki sem hefur unnið fyrir verslunina í gegnum árin, og með því hjálpað til við að gera Björnsbúð að því sem Björnsbúð stendur fyrir í hugum fólks í dag.

Kafla í sögu verslunarinnar við Silfurgötu 1 er lokið, en sagan er engan veginn öll. Verslun Björns Guðmundssonar ehf., óskar nýjum kaupmanni alls hins besta og væntir þess að verslun á þessum stað megi blómstra áfram á sama stað sem aldrei fyrr, og verða áfram fastur punktur í tilverunni.”



Farpegaflytningar Íslandsflugs jukust um 16%

Aukin tíðni til Vestfjarða vegur þungt

Íslandsflug flutti 53 þúsund farþega á árinu 1996 og hefur félagið aldrei flutt jafn marga farþega. Þetta samsvarar um 16% aukningu frá árinu áður, þegar félagið flutti 45.500 farþega. Hluttur áætlunarflugs er stærstur, eða 34 þúsund farþegar, sem er 8,5% aukning frá árinu 1995. Aukinn og bættur flugvélakostur félagsins og aukin tíðni ferða til Vestfjarða vega þar þungt, en félagið flýgur allt að þrjár ferðir á dag til Vestfjarða

og heldur uppi virku dreifineti flutninga á helstu þéttbýlisstöðum Vestfjarða, svo sem á Bíldudal, Flateyri, Þingeyri, Patreksfirði, Tálknafirði og Ísafirði. Íslandsflug heldur uppi áætlunarflugi til tíu áætlunarstaða innanlands, og styrkir byggðarlög með flugi innan fjórðunga, svo sem milli Bíldudals, Flateyrar og Ísafjarðar og milli Hólma- vikur og Gjögurs. Einnig er ein flugvél félagsins staðsett næturlangt á

Ísafirði, þar sem hún þjónar sjúkraflygi frá Vestfjörðum. Mikil aukning hefur verið á fjölda farþega í leiguflugi, bæði innanlands og milli landa. Farþegum í leiguflugi innanlands hefur fjölgað um 31% og milli landa um 18,6%.

Í dag rekur Íslandsflug fjórar skrufupotur, þar af er ein ATR-42, 46 sæta, einn Metro 19 sæta og tvær Dornier 19 sæta. Auk þess leigir félagið út eina Dornier flugvél til Svíþjóðar, þar sem hún

flýgur áætlunarflug. Þá rekur félagið einn Beechcraft King Air, 13 sæta og tvær Piper Chieftain 9 sæta, sem notaðar eru í leiguflug og sérverkefni eftir þörfum. Í apríl n.k. bætist við önnur ATR-42 flugvél, en Íslandsflug festi kaup á henni í lok síðasta árs. Flugvélin verður að öllu leyti eins og núverandi vél félagsins. Nýja vélin verður notuð til þess að auka sætaframboð félagsins á áætlunarleiðum þess svo og í auknu leiguflugi.

Ísafjarðarbær

„Gjugg í bæ” í þrjá daga

Dagana 7.-9. febrúar næstkomandi verður „Gjugg í bæ” helgi í Ísafjarðarbæ. Í tengslum við dagana verða veitingastaðir Ísafjarðarbæjar með fjölbreytt skemmtiatriði á boðstólum auk þess sem vestfirskur þorramatur verður í hávegum hafður.

Föstudaginn 7. febrúar verður boðið upp á hlaðborð og dans í Vagninum á Flateyri, daginn eftir verður vestfirskt þorrablot á Hótel Ísafirði sem og smökkunarferð á vegum Vesturferða auk þess sem haldnir verða dansleikir í Sjallanum, Krúsinni og Á Eyrinni. Einnig verða veitingastaðir í Bolungarvík og Súðavík opnir fyrir gesti.



Bolvíkingafélagið


Þorrablot í Víkingasal

Þorrablot Bolvíkingafélagsins í Reykjavík og nágrenni verður haldið í Víkingasal Hótel Loftleida á laugardag.

Þorrablotið á laugardag er það þriðja sem Bolvíkingafélagið heldur. Um 250 manns mættu til síðasta þorrablots og vonast stjórn félagsins til að enn fleiri mæti í ár. Þá vonast stjórn félagsins eftir því að íbúar í Bolungarvík sjái sér fært að mæta til blótsins. Formaður þorrablotsnefndar er María Guðmundsdóttir í síma 565 6593.



Halldór Högni Georgsson var ánægður með þær veitingar sem í boði voru sem og blótið í heild.



Porlákur Þorláksson frá Ísafirði tekur hér vel til matar síns, enda væntalega ekki í fyrsta sinn sem hann blótar þorra.



Dagný Ólafsdóttir var ánægð með harmonikuleik Péturs Bjarnasonar, fræðslustjóra Vestfjarða og lá ekki á skoðunum sínum í því efni.

Þorra blótað í Bræðratungu

Starfsmenn málefna fatlaðra á Vestfjörðum og

starfsmenn Hvestu, vinnusal fatlaðra að

Bræðratungu á Ísafirði, efndu til þorablóts í

ípróttasal Bræðratungu á föstudag, á fyrsta degi í þorra. Um tuttugu manns mættu til blótsins sem þótti takast hið besta.

Gestir nutu þjóðlegs matar, sungu og dönsuðu langt fram eftir kvöldi við undirleik þeirra Ásgeirs Sigurðssonar og Péturs Bjarnasonar, harmonikuleikara. Ljósmyndari blaðsins kom við á þorablóttinu og tók þá meðfylgjandi myndir.



Halldóra Eyfjörð, starfsmaður Bræðratungu, Kristín Þórarinsdóttir, Sigríður Hallgrímsdóttir, starfsmaður skrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum og Guðrún Lilja Sveinbjörnsdóttir voru ánægðar með notalega kvöldstund.



Elisabet Guðbjartsdóttir, starfsmaður Bræðratungu ásamt Halldóru Guðmundsdóttir, sem skemmti sér konunglega á þorablóttinu. Í baksýn sést í Ásgeir Sigurðsson, harmonikuleikara, sem lék fyrir dansi ásamt félagi sínu, Pétri Bjarnasyni.



Pantanasíminn er 456 3367



TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547



Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús:

Bakkavegur 25: 154m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 8.700.000,-
Engjavegur 12: 210m² einbýlishús á tveimur hæðum, ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 10.500.000,-
Fagraholt 2: 160m² einbýlishús á einni hæð ásamt tvöföldum bílskúr. Tilboð óskast.
Hafraholt 14: 144,4m² raðhús á

tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
Hafraholt 28: 144,4m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
Hjallavegur 19: 242m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Verð: 12.700.000,-
Hlíðarvegur 26a: 120m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 6.700.000,-
Hlíðarvegur 38: 183,2m² raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-



Hlíf II: 50,4m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra Verð: 6.100.000,-

Hrannargata 4: 257,6m² einbýlishús á 3 hæðum ásamt kjallara og bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Tilboð óskast.
Miðtún 31: 190 m² endaraðhús, norðurendi á tveimur hæðum. Tilboð óskast.
Skipagata 11: 78 m² einbýlishúsá tveimur hæðum Verð: 5.000.000,-
Stakkanes 4: 144 m² raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr og sölstofu. Skipti möguleg á Eyrinni. Verð: 9.900.000,-
Stakkanes 6: 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og sölstofu. Verð: 11.600.000,-
Sunnuholt 6: 231,7m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 13.500.000,-
Urðarvegur 26: 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-

4-6 herbergja íbúðir

Aðalstræti 19: 110m² 5 herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.800.000,-
Engjavegur 17: 92,6m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 7.100.000,-

Engjavegur 21: 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.900.000,-
Engjavegur 31: 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikíð uppgerð. Verð: 5.900.000,-
Fjarðarstræti 13: 80m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 6.200.000,-
Fjarðarstræti 38: 130m² 5 herbergja íbúð á 2 hæðum í þríbýlishúsi. Hagstæð lán fylgja. Verð: 6.500.000,-
Pólgata 4: 76 m² 5 herbergja íbúð á 3 hæð í þríbýlishúsi. Verð: 3.500.000,-
Pólgata 4: 136 m² 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þríbýlishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-
Seljalandsvegur 20: 161,2m² 5-6 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt stórum bílskúr. Mjög fallegt útsýni. Verð: 10.700.000,-
Stórholt 7: 116m² 4ra herbergja íbúð á 1. hæð til vinstri í fjölbýlishúsi. Verð: 7.400.000,-
Stórholt 11: 103m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt

bílageymslu. Íbúðin er laus um áramót. Verð: 7.800.000,-
Stórholt 13: 103m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi, ásamt bílskúr. Skipti á stærrari eign möguleg. Verð: 7.800.000,-
Tangagata 20: 70m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Engar áhvilandi skuldir. Verð: 3.800.000,-
Túngata 12: 98,9m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þríbýlishúsi. Mikíð uppgerð. Verð: 6.700.000,-
Urðarvegur 25 - Hraunprýði: 155m² 5-6 herbergja íbúð á 2 hæðum að hluta í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Tilboð óskast.
Urðarvegur 45: 131,2m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 7.500.000,-

2ja herbergja íbúðir

Hlíf II: 50,4 m² íbúð á 4 hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 6.100.000,-

Atvinnuhúsnæði

Silfurgötu 6: verslunarhúsnæði á neðri hæð í tvíbýlishúsi í hjarta bæjarins. Verð: 5.000.000,-



Urðarvegur 78: 73m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.400.000,-

Höfum getað boðið upp á hagkvæman verslunarmáta

Fyrirtækið Vöruval hf. er 10 ára um þessar mundir en það var stofnað 1. febrúar 1987. Að sögn Benedikts Kristjánssonar, kaupmanns, verður mikið um dýrðir í tilefni afmælisins og m.a. fjöldinn allur af afmælistilboðum á ýmsum vörutegundum. Á fimmtudag, föstudag og laugardag mun viðskiptavinum Vöruvalsverslanana verða boðið að þiggja kaffi og tertur og jafnframt mun Vöruval opna nýja verslun að Silfurgötu 1, en eins og greint er frá á öðrum stað í blaðinu hefur Vöruval tekið við rekstri Björnsbúðar á Ísafirði.

„Við sem rekstraraðilar opnuðum verslunina á Skeiði 1. febrúar 1987 en ég hafði í 14 ár þar á undan starfað hjá Einari Guðfinnssyni í Bolungarvík sem kjötiðnaðarmaður og var farinn að hugsa mér til hreyfings. Ég var reyndar verslunarstjóri hjá Heiðari Sigurðssyni í tvö ár, frá 1. ágúst 1985, en hann rak þá verslunina Vöruval. Verslunin hefur vaxið




Benedikt Kristjánsson, kaupmaður í Vöruvali.

og dafnað jafnt og þétt á þessum árum og hefur staðið að ýmsum nýjungum. Árið 1990 var Vöruval t.d. ein af fyrstu verslunum í landinu til að taka upp strikamerkingakerfi og hefur síðan verið nokkuð leiðandi í því kerfi sem nú er komið í flestar verslanir. Við opnuðum síðan Vöruval í Hnífsdal 24. apríl 1993 en þar

hafði verslunin Búð verið áður. Við endurnýjuðum þá verslun alla á síðasta ári, skiptum um tæki og innréttingar og stækkuðum húsnæðið nokkuð. Það var síðan 7. desember 1993 að við tókum við rekstri VEG í Bolungarvík og stofnuðum við þar sérstakt fyrirtæki sem heitir Vöruval Bolungarvík hf. Svona hefur sem sagt eitt leitt af öðru

á þessum 10 árum en starfsmenn Vöruvals, í öllum verslunum, eru í dag um 30 talsins. Árið 1991 byrjuðum við millilíðalausann innflutning á mat- og nýlenduvörum frá Danmörku og við vorum einnig einir af stofnendum verslunarkeðjunnar „Þín verslun“, en markmið hennar var að ná fram hagræðingu

með betri samningum við birgja sem aftur hefur orðið til hagsbóta fyrir viðskiptavinum í formi lækkaðs vöruverðs. Með þessu höfum við getað boðið okkar viðskiptavinum upp á hagkvæman verslunarmáta og brugðist við samkeppni sem í mínum huga kemur ekki síður frá Reykjavík en frá svæðinu hérna,“ sagði Benedikt.



Sigfús B. Valdimarsson.

Andlát

Sigfús B. Valdimarsson

Sigfús B. Valdimarsson, kristniðboði hjá Hvítasunnukirkjunni Salem á Ísafirði, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði að kvöldi 22. janúar. Sigfús fæddist 5. desember 1911 að Eyjólfsstöðum í Vatnsdal í Húnavatnssýslu og var því á 86. aldursári er hann lést.

Framan af ævinni stundaði Sigfús sjómennsku og síðar almenn verkamannastörf. Hann var einn af stofnendum Hvítasunnusafnaðarins Salem á Ísafirði, en söfnuðurinn fagnaði 50 ára afmæli sínu á síðasta ári. Eftirlifandi eiginkona Sigfúsar er Guðbjörg Þorsteinsdóttir. Þau eignuðust fimm börn sem öll eru uppkomin.

Útför Sigfúsar B. Valdimarssonar verður gerð frá Ísafjarðarkirkju, laugardaginn 1. febrúar nk., kl. 14:00.

Ísafjörður

Bílvelta á Skutulsfjarðarbraut

Eldri maður varð fyrir því óláni að missa stjórn á bifreið sinni á Skutulsfjarðarbraut í síðustu viku og endaði hún á hvolfi utan vegar. Maðurinn, sem var einn í bílnum, rotaðist við veltuna en ekki var um alvarleg meiðsl að ræða. Einhverjar skemmdir urðu á bifreiðinni en samt minni en efni stóðu til. Talsverð háлка og él var þegar slysið átti sér stað.



Héraðsskólinn í Reykjanesi.

Héraðsskólinn

í Reykjanesi

Hæsta tilboð 18 milljónir

Tilboð í húseignir Héraðsskólans í Reykjanesi við Ísafjarðardjúpi voru opnuð 16. janúar s.l. Átta kautilboð og tvö leigutilboð bárust í eignirnar og hljóðuðu kautilboðin frá 3 milljónum upp í 18 milljónir króna. Leigutilboðin voru frá tveimur hópum hér vestra sem tengst hafa ferðaþjónustu og var Áslaug Alfreðsdóttir, hótelsstjóri á Hótel Ísafirði, í forsvari fyrir annan hópinn en Margrét Karlsdóttir, sem rekið hefur sumarhús í

Hveravík í Ísafjarðardjúpi, fyrir hinn. Hæsta kautilboðið, sem var kaupleigutilboð, var frá Gunnari Þór Árnasyni og Gunnlaugu Kristjánsdóttur í Reykjavík. Ekki er búið að taka ákvörðun um hvaða tilboði verður tekið en fastlega er gert ráð fyrir að það verði hæsta boð sem eins og áður sagði var upp á 18 milljónir króna. Þess má geta að fasteignamat húseignanna mun vera um 60 milljónir króna.

Vestfirðir

Vélsleðaslys á Súðavík-urhlíð

Um kl. 13 s.l. mánudag var lögreglunni á Ísafirði tilkynnt um slys á Súðavík-urhlíðinni.

Að sögn Önundar Jónssonar, yfirlögregluþjóns, var þarna um að ræða vélsleðamann sem fór út af veginum og endaði í fjörinni en vélsleðinn nam ekki staðar fyrir en í fjöruborðinu. Maðurinn, sem komst af sjálfsdáðum upp á veginn og gat gert vart við sig, var fluttur með sjúkrahúsi á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði þar sem hugað var að meiðslum hans en hann kvartaði yfir verkjum í baki.

Önundi virtist sem aldrei væri ofbrýnt fyrir ökuþönnunum að haga akstri eftir aðstæðum því talsvert hefði borið á að menn færu ógætilega, ekki síst í slæma veðrinu sem var seinni part síðustu viku.



Þorrablótnefndin tilbúin í slaginn.



Kúrekadansinn stígninn.



Suðræn sveifla í Macarena.



Míttismálið á Magnúsi Hanssyni mælt.

Þorrablót Bolvíkinga

Um 280 manns sóttu 52. þorrablót Bolvíkinga í Víkurbæ s.l. laugardagskvöld og var góður rómur gerður að skemmtiatriðum sem flutt voru af þorrablótnefndinni en hún var skipuð 11 konum undir formennsku Elínbetar Rögnvaldsdóttur. Athygli vakti hve margir karlar skryddust hinum nýja hátíðarbúningi og í einu skemmtiatriðinu velti Rósa fatafella (Hildur Einarsdóttir) því fyrir sér; „af hverju strákarnir væru allir í matrósafötum?“ Skömmu áður en gestir mættu á þorrablótíð skall á suðvestan hvassviðri með snjókomu og skafrenningi svo vart sá á milli húsa, þannig að óhætt er að segja að þorinn hafi látið vita hressilega af sér. Þetta kom þó ekki að sök og skemmtu Bolvíkingar sér hið besta fram eftir nóttu við trog sín, fjöldasöng og dans. Eftir að dansleik lauk nutu gestir aðstoðar björgunarsveitarmanna við að komast til síns heima því séð var fram á að fólk gæti lent í erfiðleikum vegna veðurhamsins.



Benedikt Kristjánsson, Josteinn Bachmann og Runólfur Pétursson - flottir í nýju hátíðarbúningunum.



Táp og fjör og..... Sigurður Þorleifsson, Lárus Benediktsson og Guðmundur Óli Kristinsson.



Hlíðar Kristjánsson, Elvar Stefánsson og fjallageitin Helgi Jónsson.



Gestir á Sunnukórsballinu njóta þeirra léttu veitinga sem í boði voru.



Þeir Samúel Einarsson, Hermann Hákonarson, Geir Sigurðsson, Jóhann Torfason, Jónas Gunnlaugsson og Edward Hoblyn, létu sitt ekki eftir liggja í fjöldasöngnum.



Um 150 manns sóttu Sunnukórsballið sem haldið var í félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardagskvöld.



Þeir Sigurlaugur Baldursson, Kristinn Haraldsson og Óskar Hálfánarson voru á meðal gesta á Sunnukórsballinu.

Árlegur dansleikur Sunnukórsins

Snittur, pönnu- kökur, söngur og dans

Hið árlega Sunnukórsball var haldið í félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardagskvöld. Um 150 manns sóttu ballið að þessu sinni sem þótti takast hið besta. Skemmtunin hófst með fjöldasöng, þá nutu gestir léttu veitinga á borð við snittur og pönnukökur og Sunnukórinn söng nokkur lög. Flutt



Sunnukórinn á Ísafirði söng nokkur lög undir stjórn Margrétar Geirsdóttur.

voru skemmtiatriði og síðan stígninn dans fram eftir nóttu. Sunnukórinn varð 63 ára þann 25. janúar og hefur Sunnukórsballið verið nær árlegur viðburður síðan. Gestir skörtuðu sínu fegursta og nutu ánægjulegrar kvöldstundar í dalnum við Djúp er ljósmyndari blaðsins kom þar við á laugardagskvöld.



Þar voru einnig þau Magdalena Sigurðardóttir, Sigurður Jónsson og Ebeneser Þórarinnsson.

Framleiðir gæða- vöru í neytenda- pakkingum

Íshúsfélag Ísfirðinga hefur nú um tveggja ára skeið unnið að vinnslu neytendapakninga sem fara m.a. á markaði í Frakklandi og Þýskalandi. Um 10% þorsks og um 60% karfa fiskvinnslunnar að magni til, er unnið á þennan hátt og að sögn Bjarna Traustasonar, framleiðslustjóra, eru miklir framtíðarmöguleikar fólgnir í fullvinnslu sjávarafurða. Bjarni segir að dýrasti hluti þorsklaksins, þ.e. hnakkinn, sé notaður í framleiðslu neytendapakninga sem fari aðallega til sölu í verslanir í Frakklandi þar sem þessi vara sé mjög eftirsótt. Karfinn er aftur á móti seldur til Þýskalands og er þar um að ræða lausfryst roðrifin karfaflök sem fara í eins kílóa pakkingar beint til verslana þarlendis. Einnig hefur verið unnið að þróun pakninga með hjálp vélar sem pakkar í loftþéttar umbúðir og segist Bjarni vongóður um að sú vinna eigi eftir að skila sér. Einnig eru framleiddar neytendapakningar fyrir Bandaríkjamarkað, þó í minna mæli sé, og er þar um að ræða vöru fyrir veitingahúsakeðjur. Hann

segir að vöruþróunin sé unnið í samstarfi við þróunardeild Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna sem er söluaðili Íshúsfélagsins en það selur vörur sínar undir vörumerkjum Sölumiðstöðvarinnar. Að sögn Bjarna virðist sem vöruþróunin sé sifjell að færast meira til fyrirtækjanna sjálfra og að varan sé þá þróuð út á markaðinn en áður hafi þetta verið fyrirspurnir frá markaðnum til söluaðila sem aftur beindi þeim til fyrirtækjanna. „Nú erum við meira í því að reyna að finna út ýmsa möguleika sem eru fyrir hendi hér sem við síðan reynum að koma á markað. Það eru mjög margar hugmyndir sem við höfum verið að skoða í því sambandi og kemur pakking í loftþéttar umbúðir og íblöndun með sósum þar við sögu. Mennt eru að nálgast viðskiptavininn meira með þessu móti og þar af leiðandi verður vöruvöndun að vera mun meiri og gæðaefirlit og meðhöndlun skiptir orðið gífurlegu máli.“ Bjarni segir að ekki sé ætlunin hjá Íshúsfélaginu að selja undir sínu eigin vörumerki ennþá, og



Bjarni Traustason með karfaflök í neytendaumbúðum.

bendir á að þróun vöru frá grunni fylgi mikill kostnaður m.a. við hönnun umbúða. Hann segir að áfram verði lögð áhersla á að vera í nánú samstarfi við þróunardeild SH en kröfurnar séu orðnar þess eðlis að framleiðendur verði að koma með hugmyndir, leggja þær fyrir og vinna vel úr þeim áður en varan er sett á markað. „Ef um aukningu í þorskveiðiheimildum verður að ræða, þá mun hún koma fram í fiskvinnslunni í formi aukinnar vinnslu á neytendapakningum því eftirspurn eftir hefðbundnum afurðum er tiltölulega jöfn og ég held að hún komi ekki til með að aukast. Markaður fyrir fullunnar vörur er hins vegar til staðar,“ sagði Bjarni Traustason að lokum.



Sýnishorn af þorsknökkum sem fara á Frakklandsmarkað.

Enn um fiskveiðistjórnun

Að leiða eða vera leiddur

Það hefur lengi viljað loða við okkur Ísendinga að skiptast í hatrammar fylkingar eftir aftstöðu til einstakra mála sem upp hafa komið. Meðal slíkra mála má nefna riðumálið svo nefnda sem kostaði Jón Sigurðsson forsetastól Alþingis, afstöðuna til ritsímans, deilan um Keflavíkurflugvöll og erlendan her, ESB og EFTA, EES, álver þá og nú, fiskveiðistjórnarkerfi eða kvótann svo nefnda og svo nú hugmyndir um veiðileyfagjald. Þegar frá líður og lítið er til baka er ljóst að þjóðin hefur ekki hagnast á slíkum illdeilum nema síður sé, en e.t.v. eru slíkar uppkomur nauðsynlegur fylgiskur fámennrar þjóðar þar sem afkoman er mæld á mælistiku þess hvernig menn telja að nágranninn hafi það.

Fiskveiðistjórnun og gróði

Það er meira en lítið skyni-

Mörgum er tamt að tala um réttlæti í sambandi við veiðileyfagjald. Réttlætið á að felast í því að greitt sé fyrir heimild til að nýta takmarkaða auðlind

skroppinn maður sem ekki skynjar að meðal þjóðarinnar ríkir nú gríðarleg gremja út í það sem menn kalla "kvótann". Gremjan er af mismunandi toga spunnin eftir því hvar menn búa eða eftir því hvort menn hafa atvinnu af fiskveiðum og vinnslu. Á landsvæðum sem byggja allt sitt á veiðum og vinnslu er ríkjandi gremja yfir því að fá ekki að sækja sjó óheft af boðum og bönnum eins og menn hafa gert um aldri og svo óttinn við að þeir sem eiga skip og veiðheimildir selji þær burt úr byggðarlaginu. Þessi gremja er skiljanleg í ljósi þess að viðkomandi eiga allt sitt undir því að áfram verði gert út frá

þeirra byggðarlagi. Hinir eru þó miklu fleiri sem ergja sig á sögum um gróða einstakra manna sem selt hafa frá sér atvinnutæki sín skip og veiðheimildir. Fólk á ólíklegustu stöðum sem flest hvert hefur aldrei á sjó komið stendur á öndinni af vandlætingu yfir því að einhver sé að græða á kvóta. Í sölum Alþingis hneykslast m.a.s. einn þingmaður Kvennalista á því, "að kvóta sé úthlutað til útgerðarmanna" (en ekki háskólakennara eða hvað?) Það gleymist í umræðunni að þegar útgerðarmaður selur frá sér heimild til að stunda veiðar þá er annar útgerðarmaður að greiða út þessa sömu peninga. Greinin í heild sinni hefur hvorki orðið ríkari eða fátækari á þessum viðskiptum sem er grundvallar atriði.

Ruglingsleg umræða

Umræðan er orðin allt of ruglingsleg og öll í einum graut, fiskveiðistjórnun, leyfi sjávarþorpa og sjómanna til

Þingmaðurinn skrifar

sjálfsbjargar, kvótasala og veiðileyfagjald. Það kemur ekki fram í umræðunni að veiðileyfagjald verður ekki lagt á nema í formi leigu á kvóta eða aflaheimilda. Eigi að koma á veiðileyfagjaldi fara kvóti og gjaldtaka hönd í hönd. Samt leyfa sumir stjórnálflokkar sér að boða afnám kvótakerfis og upptöku veiðileyfagjalds. Er nema von að almenningur ruglist í rýminu þegar stjórnálmamenn komast upp með slíkan tvískinnung. Boðendur veiðileyfagjalds fordast einnig að nefna þá staðreynd að veiðileyfagjaldi verður ekki komið á nema að fella gengi íslensku krónunnar um leið. Sú gengisfelling yrði af stærðargráðu eins og gengisfellingar voru hér á árunum áður og voru eingöngu til þess fallnar að flytja kaupmátt frá launþegum og yfir til atvinnulífsins. Er það virkilega þetta sem launa-fólk er að biðja um?

Að sýna frumkvæði

Mörgum er tamt að tala um réttlæti í sambandi við veiðileyfagjald. Réttlætið á að felast í því að greitt sé fyrir heimild til að nýta takmarkaða auðlind. Gott og vel það eru viss hagfræðileg rök sem styðja slík sjónarmið. Í mínum huga er þó meira réttlætismál að tryggj sé að þær byggðir sem um aldir hafa grundvallað tilveru sína á sjósókn fái að gera það áfram án þess að greiða fyrir gjald í botnlausan ríkiskassa suður í Reykjavík. Ég er sáttur við aflamarkskerfið sem tæki til fiskveiðistjórnunar en ég er ekki sammála því hvernig veiðheimildum innan kerfisins er úthlutað án tillits til þeirra sem í landi eru. Ég boðaði byggðakvóta fyrir síðustu kosningar þegar aðrir framþjóðendur voru enn að deila um hvaða fiskveiðistjórnunar-



Gunnlaugur M. Sigmundsson.

kerfi hentaði best. Nú þegar menn eru að átta sig á, að það er sitt hvað fiskveiðistjórnun og úthlutun aflaheimilda, á byggðakvóti sér vaxandi fylgi. Sú leið er þó ekki gallalaus fremur en aðrar. Svára verður þeirri spurningu hvernig veiðheimildum skuli úthlutað innan byggðarlagi og hvaða forsendur lagðar til grundvallar við úthlutun til einstakra byggðarlagi því ekki viljum við að fólksfjöldi verði lagður þar til grundvallar. Vestfirðingar ættu að taka frumkvæðið í efnislegri og vitrænni umfjöllun um lagfæringar á úthlutun veiðheimilda innan núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis og sýna þannig að þeir leiði umræðuna í stað þess að vera leiddir.

Breytt umferðarlög - létt bifhjól og torfærutæki

Nokkrum ákvæðum umferðarlaga var breytt með lögum nr. 138 18. desember 1996, sem voru birt í stjórnartíðindum 30. desember 1996 og tóku þá gildi.

Þau ákvæði sem snerta flesta öikumenn eru eftirfarandi:

Varðandi létt bifhjól.

Í fyrsta lagi má sá sem hefur réttindi til að stjórna bifreið einnig stjórna léttu bifhjóli. En sú breyting var gerð á 55. gr. umferðarlagaanna að nú veitir rétturinn til að stjórna bifreið sama rétt og bifhjólapróf gerði áður varðandi stjórn léttu bifhjóls eða skellinöðru, eins það er nefnt í daglegu tali.

Ákvæði 3. málsgreinar 55. gr. umferðarlagaanna hljóðar nú svo eftir breytinguna:

„Enginn má stjórna léttu bifhjóli, nema hann hafi gilt ökuskráirteini til þess eða til að mega stjórna bifreið eða bifhjóli. Ökuskráirteini til að mega stjórna léttu bifhjóli má eigi veita þeim, sem er yngri en 15 ára, enda hafi hann áður fengið tilskylda ökukennslu.”

Létt bifhjól er skilgreint svo eftir breytinguna: „Bifhjól sem búið er brunahreyfli sem ekki er yfir 50 rúmsentimetrar að slaggrúmmáli eða búið rafhreyfli og er eigi hannað til hraðri aksturs en 45 km á klst.”

Varðandi torfærutæki

Sú breyting hefur orðið að ekki er lengur nægilegt að hafa rétt til að stjórna torfærutæki eða öðru vélknúnu ökutæki.

Ákvæði 4. málsgreinar 55.



Ólafur Helgi Kjartansson.

gr. umferðarlagaanna hljóðar nú svo eftir breytinguna:

„Enginn má stjórna torfærutæki nema hann hafi gilt ökuskráirteini til að mega stjórna bifreið eða bifhjóli.”

Samkvæmt þessu er ljóst að enginn yngri en 17 ára hefur rétt til þess að aka vélsleða eða snjósléða, fjórhjóli eða annars konar torfærutæki (tví- eða þríhjóli sem ekki eru ætluð flutninga á vegum). Auk þess er skilyrði að viðkomandi hafi það sem almennt er kallað bílpróf eða mótörhjólpróf. Það er ekki lengur um að ræða sérstakt próf á torfærutæki og ekki dugur próf á dráttarvél.

Ítrekað skal að sá sem ætlar að aka snjósléða verður að hafa gilt ökuskráirteini, sem veitir rétt til að aka bíl eða mótörhjól.

Ákvæðum um hámark ökuhraða bifreiða með eftirvagn eða tengitæki hefur verið breytt. Nú eru 3. og 4. málsgreinar 38. gr. umferðarlagaanna svohljóðandi:

„Ökuhraði bifreiðar með eftirvagn eða skráð tengitæki



„Enginn má stjórna torfærutæki nema hann hafi gilt ökuskráirteini til að mega stjórna bifreið eða bifhjóli.”

má aldrei vera meira en 80 km á klst.

Ökuhraði bifreiðar með eftirvagn, sem er án hemla og meira en 750 kg að heildarþyngd, eða óskráð tengitæki má aldrei vera meiri en 60 km á klst.”

Einnig hefur ákvæði 4. málsgreinar 57. gr. umferðarlagaanna verið breytt á þann veg að nú getur æfingaakstur á bifreið eða bifhjól, hvort heldur er með ökukennara eða leiðbeinanda, hafizt við 16 ára aldur eða 6 mánuðum fyrr en áður gildi.

Ef breytingar þessar eru teknar saman í stuttu máli mega þeir sem hafa ökuskráirteini til að aka bíl einnig aka léttu bifhjóli, eingöngu þeir sem hafa ökuskráirteini til aksturs bíls eða mótörhjóls mega aka torfærutæki, ökuhraði bifreiðar með eftirvagn eða skráð ökutæki hækkar um 10 km, í 80 km á klukkustund, og sé eftirvagn án hemla og meira en 750 kg eða tengitæki óskráð er hámarkshraði 60 km.

Að lokum er tvennt sem rétt er að minna á, ótrúlega margir á Ísafirði leggja upp á gangstétt, jafnvel öfugu megin við akstursstefnu, að ógleymdum þeim sem leggja undir gangbrautarkerkjum, og við gatnamót Seljalandsvegur, Urðarvegur, Hlíðarvegur og Bæjarbrekku á Ísafirði gleymist æði mörgum að stöðva við stöðvunarskyldu-merkið. Röðin rennur af stað á eftir fyrsta bíl. Það er ekki rétt. Hver ökumaður verður að stöðva bíl sinn við stöðvunarskyldu. Á þessum gatnamótum gildir ekki hægri regla, einungis stöðvunarskylda á þremur stöðum. Ökumenn eru beðnir um að taka þessa athugasemd til greina.

Loks skal minnt á gildi bílbelta. Of margir aka án þeirra og jafnvel smábörn eru laus í bílum. Slíkt á ekki að sjást. Minnt skal á orð Valdimars Lúðvíks Gíslasonar sem missti bíl sinn út af á Óshlíð 23. janúar síðst liðinn: „Bílbeltin og guð björguðu mér.”
-Ólafur Helgi Kjartansson.



ÍSAFJARÐARBÆR

LEIKSKÓLINN SKÓLASKJÓL

Okkur vantar starfskraft sem fyrst í 50% stöðu við stuðning eftir hádegi á leikskólanum Skólaskjól.

Allar upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 456 3716.

EYRARSKJÓL

Starfskrafta vantar á leikskólann Eyrarskjól. Um er að ræða tvær stöður eftir hádegi.

Upplýsingar í síma 456 3685.


Svandís, leikskólastjóri.

FÉLAGSSTARF ALDRADRA

Sólarkaffi verður á Hlíf, fimmtudaginn 30. janúar kl. 15:00.

Kaffiveitingar, skemmtun og dans.

Allir eldri borgarar í Ísafjarðarbæ eru velkomnir.



Atvinna

Ritari óskast til starfa á lögfræðiskrifstofu mína í hálf starf (eftir hádegi).

Um er að ræða fjölbreytt starf og viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt. Góð tölvu- og ritvinnslukunnátta er æskileg.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf eigi síðar en um miðjan mars nk.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Tryggvi Guðmundsson hdl.,

Hafnarstræti 1, Ísafirði.

Sími 456 3244.

Ísafjörður

Netkaffi opnað á næstunni

Mikael Rodriguez mun á næstunni opna aðstöðu til ýmis konar tómstundastarfsemi að Mánagötu 6 á Ísafirði. Mikael sagði í samtali við blaðið að í boði verði ýmis afþreying sem aðallega væri ætluð unglingum, t.d. verði hann með fimm fullkomnar tölvur sem verða nettengdar innbyrðis ásamt því að vera tengdar Veraldarvefnum. Í tövunum, sem verða af fullkomnu-ustu gerð, gefst kostur á að spila alla nýjustu og vinsælustu tölvuleikina en það krefst þess að tölvurnar séu búnar stóru vinnsluminni, þrívíddarkortum, hljóðkortum, útvarpskortum o.s.frv. Mikael hyggst reka sjoppu samhliða þessari starfsemi og kaffi verður á boðstólum fyrir t.d. foreldra sem koma að fylgjast með börnum sínum. Ýmislegt annað verður á boðstólum svo sem billjard, pílukast o.fl. Hljómflutningstæki verða á staðnum og getur fólk komið með tónlistina sína og fengið hana spilaða. Reykingar og meðferð áfengis verður stranglega bönnuð á þessum nýja stað og segist Mikael ætla að ganga hart eftir að því banni verði framfylgt. Hann er með margar hugmyndir um reksturinn og hefur t.d. hug á að eigna til námskeiða og samkeppna af ýmsu tagi. Ætlunin er að staðurinn, sem ekki hefur hlotið nafn enn, verði opinn frá 15-23 daglega og formleg opnun verði 1. febrúar n.k.



Mikael Rodriguez.



Ísafjarðarkirkja

Kirkjuskóli barnanna er á laugardag klukkan ellefu. Sérstök kirkjurúta leggur af stað úr Holtahverfi klukkan korter fyrir ellefu.

Í kirkjuskólanum er fönndrað og litað, sagðar sögur, sungið, hlýtt á brúðuleikhús og fleira gert til fróðleiks og uppbyggingar.

Á sunnudaginn 2. febrúar klukkan ellefu verður guðspjónusta í Ísafjarðarkirkju. Sóknarprestur messar. Predikun fjallar um lestur Guðs orðs og vöxt trúarinnar.

Á mánudag milli tíu og tólf er mömmumorgnarnar í safnaðarheimilinu. Þetta eru samverur fyrir foreldra með ung börn.

Þriðjudagskvöldið 4. febrúar klukkan 20:30 er biblíulestur í kirkjunni.

Ísafjarðarsókn.


NYTT SÖLUUMBOÐ

Bílagarður ehf. á Ísafirði hefur nú tekið að sér söluumboð fyrir þær bifreiðar sem Hekla hf. flytur inn og nær umboðssvæðið yfir Ísafjarðarsýslur að undanskilinni Bolungarvík.

Bílaverkstæði Sigurðar og Stefáns hefur sem áður þjónustuumboð fyrir bifreiðar frá Heklu.

BÍLA- SÝNING

Af þessu tilefni verður bílasýning hjá Bílagarði ehf., sunnudaginn 2. febrúar nk. kl. 10:00 - 17:00.



HEKLA


Bílagarður ehf.

Grænagarði, Ísafirði

Sími 456 3095



Óskar Friðbjarnar og hákarlinn



Rommlegið saltað selspik besta beitan

„Þetta var nú þannig, að til mín kom maður, sem vildi kaupa feitan steinbít og eins og gengur og gerist þá tókum við spjall saman. Hann spurði hvort ekki væri erfitt orðið að fá hráefni til hákarlsverkunar og sagði ég svo vera ákveðinn hluta árs. Hann spurði þá hvort það væri ekki hægt að gera út á hákarlaveiðar og kvað ég það sjálfsagt hægt en að fara að kaupa skip og þess háttar væri bara dæla út í loftið. Það er skemmst frá því að segja að daginn eftir hringir í mig blaðamaður sem segist hafa heyrt frá frammámanni í þingliðinu okkar að ég væri að fara að gera út á hákarlaveiðar, - þannig var nú það,“ sagði Óskar Friðbjarnarson, fiskverkandi í Hnífsdal, aðspurður um fréttir þess efnis að hann hyggðist hefja hákarlaveiðar.

Óskar sagði það reyndar vera orðið vandamál að fá hákarl til verkunar framan af ári, sem væri bagalegt því að hákarl sem færi í þorrann yrði að vera komin á land ekki seinna en í júlímánuði. „Þetta hefur breyst því hákarlinn kom alltaf með grálúðunni í troll vestfirsku togaranna sem nú eru einungis 3 í stað 11 áður og grálúðuveiðar eru orðnar svipur hjá sjón miðað við það sem áður var. Hákarl er sömuleiðis hættur að koma á

land með rækjuskipum því settar hafa verið seiðaskiljur í troll þeirra sem gera það að verkum að karlarnir fá nánast ekki í soðið lengur.“ Óskar hefur, þrátt fyrir allt, fullan hug á að gera tilraun til hákarlaveiða jafnvel í samstarfi við eigendur rækjubáta sem oft eru verkefnalitil á vorin. Hann var spurður hvort ekki væri hægt að fá styrk út á svona tilraunaverkefni? „Ég hef ekki trú á að þótt ég skrifaði opinberum aðilum að þeir færu að veita mér styrk. Ég byrjaði sem brautryðjandi í verkun af þessu tagi og hef byggt upp það sem til þarf svo sem hjalla, kæliklefa, frystingu og annað. Ég hef ekki orðið var við að ég fengi lán eða styrki til þessara hluta, maður hefur bara orðið að gera þetta sjálfur. Rekstur af þessu tagi er utanveltu í kerfinu. Við fáum að borga í þessa sjóði en að við fáum eitthvað úr þeim, það er svo allt annar handleggur.“

Óskar sagði að á síðari hluta síðustu aldar hefði heill floti verið gerður út á hákarlaveiðar frá Eyjafirði, Vestfjörðum og víðar og að veiðin hafi numið þúsundum ef ekki tugþúsundum hákarla. Lífirinn var það eina sem var nýtt en hún var verðmætt hráefni sem notað var til að lýsa upp borgir Evrópu. Til marks um verðmætið þá

var verð lýsistunnu á þessum tíma 60-100 krónur á meðan árskaup vinnumanns var 40 krónur. Óskar telur að hægt sé að veiða hákarl á línu víða við Vestfirði og sagði að nóg væri að lesa ævisögu Sæmundar Sæmundarsonar, „Virkir dagar“, að átta sig á því. „Þeir lögðu þar hákarlalínu og urðu aðhlátursefni fyrir vikið vegna þess að menn töldu að ekki væri hægt að draga hákarl nema á færi eins og tíðkast hafði. Þeir lögðu sem sagt línu en það liðu 3-4 dagar áður en hákarlinn kom á slóðina. Þeir voru með 108 króka á línunni sem var beitt með öllu sem tiltækt var um borð, allskyns óþverra og drasli. Þegar línan var dregin, kom í ljós að það voru 96 stykki á henni. Það getur tekið tíma að fá hákarlinn til að mæta á slóðina en hann er lykt næmur mjög og rennur á lykt úr margra sjómilna fjarlægð.“

Óskar sagði að ef af veiðunum yrði, myndi hann ekki fara á sjóinn því hann væri bæði sjóveikur og sjóhræddur. „Ég held að ég yrði bara að setja karlana á ákveðið recept til að fara eftir,“ sagði Óskar sem veit upp á hárf hver besta hákarlabeitan er: „Rommlegið saltað selspik.“

Ísafjarðardeild Rauða Kross Íslands

Kærar þakkir fyrir stórkostleg viðbrögð!

Í síðustu viku fór fram á norðanverðum Vestfjörðum, skyndisöfnun á skólavörum fyrir grunnskólabörn í Vojvodina-héraði í Serbíu. Vojvodina er nyrsta hérað Serbíu og hefur bágborið efnahagsástand og fjöldaatvinnuleysi í kjölfar nýafstaðinna stríðsátaka leikið íbúa þar sérlega grátt. Skólastarf hefur verið erfitt vegna þess að börnin hafa ekki getað eignast einföldustu skriffæri og

stílabækur, hvað þá aðrar nauðsynjar til skrifta og teikninga.

Rauði kross Íslands fékk hjálparbeiðni frá serbneska Rauða krossinum og fór þess á leit við Rauða kross deildir hér vestra að þær söfnuðu í skyndi ritföngum, pappír, stíla- og reikningsbókum og teiknivörum. Beiðni um vetrarfátnað fyrir sömu börn gat fatamiðstöð Rauða krossins á Akranesi

afgreitt, en töluvert var samt komið með til deildanna og fer það með til Vojvodina.

Rauða kross deildirnar í Dýrafirði, Öndarfirði, Súgandafirði, Ísafirði og Bolungarvík leitustu til grunnskólabarna og foreldra þeirra á svæðinu, fyrirtækja og stofnana um framlög. Viðbrögðin fóru fram úr öllum vonum. Er til þess tekið hve mikla alúð börnin lögðu við söfnun og kaup á

öllu því sem um var beðið og hve dyggilega skólarnir, stjórnendur þeirra og starfsmenn studdu framtakið. Börnin, kennararnir og annað starfsfólk skólanna pökkudu öllu í kassa og settu með miða með kveðjum til barnanna í Vojvodina.

Mörg fyrirtæki gáfu í söfnunina af mikilli rausn og var greinilegt að samhugur fylgdi hverjum poka og kassa, sem barst til Rauða kross hússins á

Ísafirði og víðar.

Hugur íbúa á norðanverðum Vestfjörðum ber þess merki, að hafa á síðustu árum bæði þegið hjálp í neyð og látið hana í té með því að taka á móti fólki í neyð. Þeir vita með hvílíku þakklæti og gleði gjafir þeirra verða þegar.

Gert var ráð fyrir að safnast myndi á eitt vörubretti. Þau voru orðin fjögur þegar formlegri söfnun lauk og átti þá

eftir að bætast við rúmlega eitt til viðbótar.

Kæru börn og unglingar! Hafid heila þökk fyrir dugnað ykkar og hjálp. Forsvarsmönnum fyrirtækja og stofnana sem studdu söfnunina eru sömuleiðis færðar þakkir fyrir framlög þeirra.

Rauða kross deildirnar á norðanverðum Vestfjörðum.

Talsvert af fiski á litlu svæði

BB hafði samband við Pál Reynisson fiskifræðing um borð í rannsóknarskipinu Bjarna Sæmundssyni en skipið hefur verið við fiskirannsóknir á Vestfjarðamiðum að undanförmu. Páll sagði að rannsóknirnar hefðu gengið hægt vegna veðurs en þeir hefðu orðið

varir við talsvert af fiski á tiltölulega litlu svæði út af Barðinu sem er nánar til tekið austan við Halann. Einnig höfðu sést góðar lóðningar á mælum en tilgangur ferðarinnar er m.a. að gera tilraunir með bergmálmælingar á þorski. Páll sagði að einnig hefði verið unnið

við merkingar þorsks og höfðu 500-600 þorskar verið merktir þegar talað var við hann s.l. miðvikudag. Ekki hafði orðið vart við loðnu en eitthvað var þó um loðnuseiði. Hafisgerði mönnum erfitt fyrir við rannsóknirnar og sagði Páll að fiskurinn héldi sig mest við ísrönd-

ina. Fiskur sem fengist hafði var að mestu leyti magur 4-5 ára þorskur og að sögn Páls voru þeir að fá 500-600 kíló eftir 15 mínútna tog. Lítið var um skip á miðunum en Stakfellið, frá Þórshöfn, hafði nýverið hífð fjögur tonn eftir 3-4 tíma.

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar

Útnefning fer fram 4. febrúar

Nú hefur verið ákveðið að útnefning íþróttamanns Ísafjarðarbæjar fari fram í Félagsheimilinu í Hnífsdal þriðju-

daginn 4. febrúar kl. 20:30. Upphaflega var ætlunin að tengja útnefninguna opnun á nýju íþróttahúsi á Þingeyri en

vígsla þess mun að öllum líkindum ekki fara fram fyrr en í mars n.k. Valnefndin hefur nú til umfjöllunar tilnefningar íþróttafélaganna sem eru átta talsins. Í valnefndinni eru fjórir

fulltrúar, einn frá HVÍ, einn frá ÍBÍ, einn frá Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar og svo formaður nefndarinnar sem er Þorsteinn Jóhannesson, forseti bæjarstjórnar.



Rannsóknarskipið Bjarni Sæmundsson.

Vefsíða

Ísafjarðarflugvallar

Upplýsingar um færð á vegum

Í síðasta blaði var greint frá nýrri vefsíðu á Internetinu þar sem hýstar eru upplýsingar um flug til og frá Ísafirði, veðurspá og flug til og frá Keflavíkurflugvelli. Nú hefur verið bætt á síðuna tengingu inn á upplýsingasíðu Vegagerðar ríkisins þar sem hægt er að nálgast fréttir af færð á vegum um land allt. Gestir síðunnar smella einfaldlega á þann hluta Íslandskorts sem þeir vilja fá fréttir af og fá þá allar helstu upplýsingar um t.d. veður, færð, umferð o.fl. Síðan er uppfærð með reglulegu milli-bili eftir því sem upplýsingar



Upplýsingasíða Vegagerðar ríkisins fyrir Vestfirði.

berast en vegagerðin er með sjálfvirkar veðurathuganir á Breiðadalsheiði, Hálfðán, Kleifaheiði, Steingrímsfjarðarheiði og í Gilsfirði. Slóð upplýsingasíðu Ísafjarðarflugvallar er: <http://www.ismakk.is/flugleidir>

Vestfirðir

Þorrinn án hákarls

Nú er þorrinn genginn í garð og tími þorrablótanna hafinn. Fólk er farið að draga að sér ýmislegt sem tilheyrir þessum árstíma svo sem hrútsþunga, harðfisk og súrmeti af mörgu tagi. Nú hefur brugðið svo við að engan hákarl er að fá nokkursstaðar en margir geta ekki hugsað sér þorrablót án hans. Óskar Friðbjarnarson í Hnífsdal hefur verið sá maður sem hvað flestir hafa treyst á þegar að hákarlinum kemur en hann mun vera búinn með það sem hann átti. Ástæðan mun meðal annars vera sú að 5 tonn af hákarl sem Óskar keypti af togara s.l. sumar og hefur verið með í verkun síðan, reyndist skemmdur þegar til átti að taka. Að sögn Óskars kemur þetta

upp af og til en það kemur ekki í ljós fyrir en hákarlinn hefur verið verkaður hvort hann er skemmdur eða ekki. Í þessu tilviki reyndist hákarlinn hafa súrnað vegna þess að hann var látinn liggja óvarinn í sólinni um borð í togaranum á sínum tíma. Vestfirðingar verða því að öllum líkindum að bíta í það síra epli að vera án hákarls á þorranum að þessu sinni en vonandi ganga fyrirhugaðar tilraunahákarlaveiðar Óskars í vor það vel, að hákarlsskortur eigi ekki eftir að gera vart við sig í bráð. Þetta fyrirhugaða framtak hans er lofsvert í ljósi þess að hákarl er eina tegundin ásamt marhnút sem ekki hefur verið settur kvóti á.....enn.

Sorphirða á Þingeyri

Tvö tilboð bárust

Tvö tilboð bárust í sorphirðu á Þingeyri en útboð vegna verksins var auglýst fyrir stuttu.

Tilboðsgjafir voru Gámaþjónusta Vestfjarða, sem bauð kr. 2.648.340.- og Gámaþjónusta Hafþórs, sem bauð kr. 3.504.460. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að gengið verði til samninga við Gámaþjónustu Vestfjarða.

Uppkaupahús í Hnífsdal

Sex hús væntanlega rifin

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt erindi bæjarstjórnar, Kristján Þórs Júlíussonar, um að leyfi fái til að rífa eða fjarlægja á annan hátt sex fasteignir sem staðsettar eru á snjóflóðahættusvæði í Hnífsdal.

Um er að ræða fasteignirnar að Strandgötu 17, 19 og 19a, Heimabæjarstíg 1 og Heimabæ 2 og 3. Umræddar eignir eru í eigu Ísafjarðarbæjar. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar mun taka afstöðu til erindisins á morgun, fimmtudag. „Ef heimild fæst, verður tekin ákvörðun um hvernig og hvenær hún verður nýtt. Því get ég ekki sagt til um á þessari stundu, hvenær verður farið út í að fjarlægja húseignirnar,” sagði Kristján Þór í samtali við blaðið.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvað verður um aðrar eignir bæjarins sem eru á snjóflóðahættusvæði í Hnífsdal s.s. við Smárateig og Fitjateig. „Það væri óskandi að hægt væri að nýta eignirnar en það er ljóst að þessi hús verða ekki notuð til heilsársnota,” sagði Kristján Þór.

Atvinna

Starfsfólk óskast til almennra verzlunarstarfa í Björnsbúð.

1. Vinnutími frá kl. 09:00 - 15:00.

2. Vinnutími frá kl. 15:00 - 21:00.

Nánari upplýsingar gefur Benedikt í síma 456 4211, í Vöruvali.

Vöruval hf.



Ísafjarðarbær

Heildartekjur áætlaðar 718 milljónir

Síðari umræða um frumvarp að fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar ásamt breytingum verður lögð fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar á morgun, fimmtudag og standa vonir til að hún verði samþykkt á fundinum.

Heildarskatttekjur bæjarfélagsins eru samkvæmt áætluninni, 718 milljónir króna og er gert ráð fyrir tekjuafgangi upp á 145 milljónir króna. Fjárfestingar á vegum bæjarfélagsins eru áætlaðar um 217 milljónir króna og vegur þar hæst bygging nýs leikskóla fyrir sveitarfélagið.

Starfsmaður óskast

Vegna breytinga á starfsemi Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf., á norðanverðum Vestfjörðum, leitar fyrirtækið eftir svæðisstjóra á þessu sölusvæði.

Leitað er eftir manni sem hefði yfirumsjón með allri starfsemi fyrirtækisins á svæðinu, þ.m.t. sölu, dreifingu og innheimtumálum.

Umsóknir sendist til Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf., Grjóthálsi 7-11, Pósthólf 10140, 130 Reykjavík, merkt „Vestfirðir“ fyrir þriðjudaginn 4. febrúar 1997.

Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál, og þeim verður öllum svarað.

Ekki eru veittar upplýsingar í síma.

**ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON
GRJÓTHÁLSI 7-11 - 130 REYKJAVÍK**

Veðrið setti strík í mætinguna

Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins í Reykjavík, hið 52. í röðinni var haldið að Hótel Íslandi á laugardagskvöld. Um 430 manns sóttu skemmtunina að þessu sinni og hafa aldrei færri verið á hátíðinni frá því núverandi stjórn félagsins tók við völdum. Að sögn Guðfinns R. Kjartanssonar, stjórnarmanns í Ísfirðingafélaginu, setti veðrið mikið strík í reikninginn, þar sem von var á vel á annað hundrað manns frá Ísafirði auk þess sem fjölmargir eldri Ísfirðingar, búsettir á Reykjavíkursvæðinu, létu ekki sjá sig í ár. Flestir gestanna voru í yngri kantinum og mættu


fjölmargir sem aldrei áður hafa sést á Sólarkaffinu.

Dagskráin hófst með samkvæmistónlist sem leikin var af Vilberg Viggóssyni. Þá flutti formaður félagsins, Einar S. Einarsson, setningarávarp og gestir sungu saman „Í faðmi fjalla blárra.“ Þá flutti Gunnar Halldórsson, hátíðarráðu í forföllum föður síns, Halldórs Hermannssonar, sem ekki komst til hátíðarinnar vegna óveðurs hér vestra. Sagði Gunnar við upphaf ræðunnar að aldrei áður hefði hann séð skrifaða ræðu frá föður sínum og víst væri að flutningur hennar myndi taka mun lengri

tíma í flutningi, hefði faðir hans verið sjálfur mættur á staðinn. Að lokinni hátíðarráðu Gunnars voru flutt hin ýmsu skemmtiatriði, þar sem meðal annars komu fram þau Guðrún Jónsdóttir, óperusöngkona og Reynir Guðmundsson, söngvari. Þá söng Ísfirðingakórinn nokkur lög, dregið var í happdrætti og heiðursgestir kvöldsins voru kynntir en það voru þau hjón, Marías Þ. Guðmundsson og Málfríður Finnsdóttir.

Samkvæmt upplýsingum blaðsins, bað Guðjón Þorsteinsson, liðsstjóri Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar um

orðið á samkomunni og lét þar falla nokkra léttu brandara um nágranna Ísfirðinga í Bolungarvík. Vöktu brandarar Guðjóns kátínu á meðal flestra gesta en ekki allra. Mun formaður félagsins, Einar S. Einarsson hafa séð sig knúinn til að fara upp á svið til að biðja viðstadda afsökunar á orðum þessa „óboðna gests“ fyrir hönd Ísfirðingafélagsins. Samkvæmt upplýsingum blaðsins, munu brandarar Guðjóns hafa farið fyrir brjostið á einum nánasta samstarfsmanni Einars S., sem er formaður Bolvíkingafélagsins í Reykjavík. Að lokum var stiginn dans.



TIL SÖLU

Árholt 11, Ísafirði

Fjarðargata 42, Pingeyri
Aðalbraut 32, Drangnesi

Tilboð óskast í eftirtaldar eignir:

10747 Árholt 11, Ísafirði.

Steinsteypt einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Stærð íbúðar 143,3m². Stærð bílskúrs 54m². Brunabótamat er kr. 14.989.000,- og fasteignamat er kr. 8.015.000,-. Húsið verður til sýnis í samráði við Guðmund Rafn Kristjánsson hjá Vegagerðinni á Ísafirði í síma 456 3911.

10748 Fjarðargata 42, Pingeyri.

Áhald- og geymsluhús. Stærð 128m². Brunabótamat er kr. 5.386.000,- og fasteignamat er kr. 671.000,-. Húsið verður til sýnis í samráði við Guðmund Rafn Kristjánsson hjá Vegagerðinni á Ísafirði í síma 456 3911.

10749 Aðalbraut 32, Drangnesi.

Áhald- og verkstæðishús. Stærð 83,3m². Brunabótamat er kr. 3.124.000,- og fasteignamat er kr. 548.000,-. Húsið verður til sýnis í samráði við Jón H. Elíasson hjá Vegagerðinni á Hólmavík í síma 451 3104.

Nánari upplýsingar um ofangreindar eignir eru gefnar hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, og hjá ofangreindum aðilum.

Tilboðseyðublöð liggja frammi á sömu stöðum.

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum fyrir kl. 14:00 þann 18. febrúar 1997 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

Ísafjörður

Kvartað undan bíleigendum

Önundur Jónsson, hjá lögreglunni á Ísafirði hafði samband við blaðið og vildi koma á framfæri, að í vöndum veðrum, eins og var í síðustu viku, ættu ökumenn að hafa í huga að tæki vegagerðarinnar þyrftu að komast um til að moka.

„Menn verða að átta sig á að umferðarreglur gilda jafnt í góðu veðri og slæmu og ættu þess vegna ekki að leggja bílum sínum þar sem þeim dettur í hug t.d. á Skutulsfjarðarbrautinni og víðar. Menn virðast fara með bílana heiman frá sér og leggja þeim bara einhversstaðar svo þeir lokist ekki inni. Þegar Vegagerðartækin fara síðan af stað til að moka, þá komast þau ekkert áfram fyrir þessum bílum sem er ólöglega lagt á vegköntum hingað og þangað. Oft eru ekki nema örfáir metrar í næsta löglega stæði en menn virðast ekki hafa hugsun á að leggja þar.

Eftir óveðrið í lok síðustu viku þurftum við að fara í heilmikla rassu til að ná bílum í burtu til að hægt væri að moka. Þetta virðist vera viðvarandi vandamál og þess vegna bið ég ökumenn að neyða ekki lögreglu og vegagerð út í þær aðgerðir að þurfa draga bíla í burtu með kranabíl.

Það leysir t.d. engan vanda að leggja bílum þétt meðfram Skutulsfjarðarbrautinni því bílarnir safna að sér snjó þannig að hún verður ófær fyrir vikið. Ég get bent íbúum Holtahverfis á að þegar ekki er kominn meiri snjór en nú er þá er hægðarleikur fyrir þá að leggja t.d. á stæði sem er niður við Brautarholtið.“



Djúpbáturinn Fagranes.

Ísafjarðardjúp

Framkvæmdum við ferjubryggju að ljúka

Laugardaginn 18. janúar s.l. lagði djúpbáturinn Fagranes í fyrsta skipti að nýrri ferjubryggju á Arngerðareyri í Ísafjarðardjúpi og tók þar um borð m.a. vörubíl og traktor. Bryggjan hefur ekki verið tekin formlega í notkun og var aðeins um prufu að ræða. Það líður þó að því að hún verði tekin í notkun og á verktakinn, Eiríkur og Einar Valur sf., aðeins eftir að leggja lokahönd á verkið. Reynir Ingason, framkvæmdastjóri Djúpbátsins, sagði að bryggjan hefði reynst vel og að aðeins þyrfti að gera smá lagfæringar á henni til að allt yrði eins og best væri á kosið. Nú eru hafnar framkvæmdir við ferjubryggju á Ísafirði og hefur verið unnið að því m.a. að víða að efni. Fyrirhugaðri dýpkun á svæði því sem bryggi-

an verður á seinkaði vegna þær framkvæmdir innan eigi bilunar í dýpkunarskipi en búist langs tíma. er við að hægt verði að hefja

HÓTEL
Ísafjörður

Laugardaginn 8. febrúar!

Þorablót og harmonikkuball fyrir alla

Trog á borðum full af þjóðlegum og góðum mat. Tónlist, leikþáttur, rímur og dansað við harmonikkundirleik. Nú er tækifæri fyrir þig að blóta þorra á Ísafirði.

Miðasala og upplýsingar á Hótel Ísafirði, sími 456 4111.

Grunnvíkingar

Þorablótið verður haldið í Félagsheimilinu Hnífsdal, laugardaginn 8. febrúar kl. 20:00. Húsið opnar kl. 19:30. Sætaferðir frá Bolungarvík og Ísafirði. Rúta fer úr Holtahverfi kl. 19:00 og ekur hefðbundna strætóleið.

Miðapantanir hjá Ólöfu V. í síma 456 3697, Kristjáni Fr. í síma 456 3769, Steinþóri St. í síma 456 3549 og Ingibjörgu V. í síma 456 7551, fyrir fimmtudagskvöldið 6. febrúar.

Grunnvíkingar fjölmennið og takið með ykkur gesti.

Nefndin.

VÖRUVAL ÍSAFIRÐI

1987

1. FEBRÚAR

1997



Tíu ár eru ekki langur tími í rekstri fyrirtækja. Á þessum tíma höfum við byggt upp öflugt ísfirskt fyrirtæki. Markmið okkar er traust verslunarfyrirtæki til eflingu atvinnuþróunar og að útvega og selja vörur til viðskiptavina á sem hagkvæmasta verði. Ávinningur okkar með beinum milliliðalausum innflutningi og aðild að verslunardejuni „Þín verslun“ styrkir stöðu okkar til þess að standa undir væntingum viðskiptavina okkar.

Á 10 ára afmælisdaginn, laugardaginn 1. febrúar tekur Vöruval við rekstri verslunar Björns Guðmundssonar, Silfurgötu 1, Ísafirði. Verslunin verður áfram „fastur punktur í tilverunni“ Björnsbúð, Þín verslun.

Verslunin verður opin sem hér segir:

Mánudaga til föstudaga

frá kl. 09:00 - 21:00

Laugardaga frá kl. 10:00 - 18:00

Sunnudaga frá kl. 13:00 - 16:00

ÍSAFJÖRÐUR • HNÍFSDALUR • BOLUNGARVÍK

Í öllum verslunum Vöruvals verður fjöldi afmælistilboða

Fimmtudag, föstudag og laugardag verður viðskiptavinum boðið upp á veitingar í öllum verslunum



Skeiði 1
Ísafirði

**Vöruvals verslanir
„Þín verslun“**

Hnífsdalsvegi 2
Hnífsdal



Þín verslun

Silfurgötu 1
Ísafirði

Vitastíg 3
Bolungarvík

Bera Vesturbyggð-ungar enga ábyrgð á sjálfum sér?

Mannlífið hér vestra hefur borið nokkurn svip af einstöku tíðarfari. Veður hefur verið sérlega gott frá því snjóflóð féll á Flateyri, sem betur fer. Heldur hefur því verið rótt yfir mannlífi ef frá er talið Vesturbyggðar-ævintýrið, sem einkum virðist bundið við stjórn-málamenn á Patreksfirði. Fólki hefur fækkað umtalsvert á Patreksfirði, en íbúar þar eru nú vel innan við 900. Fyrir nokkrum árum voru þeir rúmlega 1000.

Því miður virðist fylgja fækkun íbúa ýmislegt ekki gott. Tökum nokkur dæmi úr Vesturbyggð. Nú er kominn á laggirni þriðji bæjarstjórnarmeirihlutinn í Vesturbyggð. Fyrsti bæjarstjórninn á kjörtímabilinu hrökkladist frá vegna óstjórnar, ef marka mátti fréttir. Ekkert hefur heyrst af honum síðan. Kratarinn, sem báru ábyrgð á þeim bæjarstjórnunum, voru ekki af baki dottinir og mynduðu nýjan meirihluta, nú með sjálfstæðismönnum, sem fengu að velja nýja bæjarstjórn.

Til þess að gera langa sögu stutta hefur það eitt gerst að hörmungar Patreksfirðinga og Vesturbyggðarmanna hafa aukist að mun. Vart verður nú fundinn sá maður með óbrjálaða skynsemi á öllu Íslandi, að Vestfirðingum meðtöldum, sem ekki er algerlega gáttaður á hegðun bæjarstjórnar Vesturbyggðar. En Vestfirðingar eru þó ýmsu vanir.

Hver höndin er uppi á móti annarri. Kratar vildu ekki lengur starfa með sjálfstæðismönnum, töldu bæjarstjórnann vera ómögulegan til samstarfs og líktu honum við hest rómverska keisarans Kaligúla. Spunnust af því ómerkilegar og óspennandi ritdeilur, sem helst réttu hlut kratanna, ef nokkuð var, í þessu furðulega deilumáli. En þau skriföll minntu helst á hátterni arftaka Kaligúla, Nerós, sem sagður var hafa leikið á sítar meðan Rómurborg brann. En sagnfræðingar margir telja þá sögu uppspuna einan.

Neró hafði það sér til varnar, að síðari tíma sagnfræðingar leiðréttu rangan sakburð á hendur honum. En í Vesturbyggð er fátt til varnar ráðamönnum, sem kjósa að auglýsa verk sín fyrir alþjóð og eru nú uppáhald fréttamanna um allt Ísland.

Uppboð og gíslataka!

Sláturhúsið á Patreksfirði var sett á uppboð og Oddur Guðmundsson bauð kr. 700.000 í eignina og var hún slegin honum. Í framhaldinu mun bæjarstjóri hafa uppgötvað að Vesturbyggð hafi ekki passað upp á réttindi sín. Sýslumaður bauð upp, á nýjan leik, og verðið hækkaði um nærri 4 milljónir. Svo heyrðist af því að Jón Gauti Jónsson yrði bæjarstjóri í þriggja mánaða leyfi hins reglulega, Gísla Ólafssonar.

En engu að síður lét bæjarstjórn sig ekki muna um það auglýsa upp deilur sínar við leigutaka félagsheimilisins á staðnum, sem gerði sér lítið fyrir og flutti inn í félagsheimilið og var þar innlokadur og kærður fyrir innbrot. Áður hafði bæjarstjórn læst hann úti.

Er nema von að spurt sé hvort þeir beri enga ábyrgð á sjálfum sér í Vesturbyggð. Þvílík auglýsing fyrir eina byggð! Hver skyldi trúá að, þorraflót kvenfélagskvenna yrði til þess að bæjarstjórn gerði sig að fíflum í augum alþjóðar? Svo skemmtilega vill til, að veitingastaðurinn í félagsheimilinu ber nafnið Felgan. Verður ekki betur séð en að allir, sem hlut eiga að máli, séu á "Felgunni" á einn eða annan hátt. Augu fjölmiðla og fréttapýrstra Íslendinga beinast nú að Patreksfirði og þeirri sérkennilegu "hestamennsku" sem þar er stunduð. Hvort hestarnir eru af keisaralegu bergi brotnir eða með mannlegt eðli virðist aukaatriði. En þótt Stakkur sé ekki mikil hestamaður er honum nauðugur sá kostur að taka upp hans kann fyrir hestinn.

Hefur nokkur heyrt um svo vitlausu hesta sem þarna gæti verið um að ræða?


Og hvers vegna að kalla þetta hestamennsku? Skýringin er sú að kratar reyna að skýla sér á bak við það það að líkja bæjarstjórnunum við hest og þykjast væntanlega vera mannlegir sjálfir og kannast ekki við ábyrgð sína. Bæjarstjórnin ber af sér sakir og segir hest keisarans hafa verið sendiherra en ekki ráðgjafa.

Best væri að þeir bæjarstjórnarmenn gerðu út um persónueinkenni hvurs annars í einrúmi og hlífðu öðrum við því hvað þeim finnst um samstarfsfólkið.

Kjósendur geta ekki verið annað en miður sín, að hafa átt þátt í því saklausir að koma þessu fólki til valda. Bót er þó í máli að þeir eru að fá sendiherra, bæjarstjóra til þriggja mánaða. Honum er óskað alls góðs í vandasömu starfi. Það er ekki skrytið þó mat á veruleikanum brenglist við þennan farsa allan.

Öðrum sveitarstjórnunum á Vestfirðum er bent á þetta víti til varnaðar.

-Stakkur



Spennið beltin og búið ykkur undir hið ómögulega.



Allur hasarinn. Allar konurnar. Sömu hálfvitarnir.

Munið að með einni nýrri þá fylgir ein eldri með frítt!

...Gau, einfaldlega betri.

Vídeó Möllin - við Norðurveg

456 4853

TOPP 10 MYNDBÖND HJÁ VÍDEÓHÖLLINI

1. The Rock
2. Cable Guy
3. Mulholland Falls
4. Fargo
5. Copycat
6. Down Periscope
7. Trainspotting
8. From Dusk Till Dawn
9. Crying Freeman
10. Kingpin

http: góðar a NETINU

<http://ceps.nasm.edu:2020/NASMPage.html>
 Á heimasíðu National Air and Space Museum er hægt að skoða allt það sem við kemur flugi og geimferðum.

<http://www.iceland.org>
 Á heimasíðu Íslenska sendiráðsins í Washington er hægt að finna allt sem viðkemur Íslandi.

<http://www.macedon.com/titanic>
 Á þessari heimasíðu er hægt að finna allt um skemmtiferðaskipið Titanic, en eins og flestir vita fórst það í jómfrúrsiglingu sinni árið 1912.

SPÓLAN TÆKINU

FARGO

Fargo er kolbikasvört kómedía, byggð á raunverulegum atburðum sem áttu sér stað í hinum undarlega smábæ Fargo í Minnesota þegar ótrúle atburðarráð leiddi af sér dauða fjölda manns.

HELGAR veðrið

Horfur á fimmtudag: Fremur hæg norðvestlæg eða breytileg átt og smáel norðan til en annars bjartviðri.

Horfur á föstudag: Gengur í heldur vaxandi sunnanátt og fer hlýnandi. Slydda en síðar rigning vestanlands en þurr austan til.

Á laugardag snýst vindur til suðvestanáttar. Sennilega slydda eða rigning um mest allt land en síðan el vestan til.

Á sunnudag og mánudag er útlit fyrir að alldjúp lægð gangi norðaustur yfir landið.

Bonni **gælukanína** fæst gefins á gott heimili, barngóður og kassavanur. Upplýsingar í síma 456 4075

Til sölu **Subaru 1800 Station**, árg. '88, sjálfskiptur. Upplýsingar í síma 456 3653

4ra manna fjölskylda óskar eftir **húsnæði** á Ísafirði sem allra fyrst. Upplýsingar í síma 456 7451

Til sölu mikið úrval notaðra **varahluta** í Subaru 1800 árg. '85-'91. T.d. vél með nýjum heddum o.fl. Upplýsingar í síma 456 3905. Magnús Jóhannsson.

Til sölu lítið **einbýlishús** að Tangagötu 21. Upplýsingar í síma 456 3881

Til sölu **Mitsubishi L-300** 4x4 árg. '85. Góður vinnubíll. Upplýsingar í síma 456 7510

Dagamma óskast. Ég heiti Halldór Páll, er 13 mán. brosmildur og skemmtilegur strákur. Mig vantar góða konu til að passa mig meðan mamma fer í vinnuna. Upplýsingar gefur Þórunn í síma 456 3216

Til sölu **Subaru Legacy** árg. '91 ekinn 98 þús. Upplýsingar í síma 456 6126

Óska eftir **Rainbow ryksugu**. Upplýsingar í síma 456 4726

Til sölu **Skodi S105 '86**. Selst ódyrt. Upplýsingar í síma 456 7013 á kvöldin.

Einbýlishús með bílskúr á besta stað í bænum til sölu í Bolungarvík. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 456 7512

Óska eftir **vinnu**, hef meirapróf

KAUP & SALA ÓKEYPIS SMÁUGLÝSINGAR

og er vanur. Upplýsingar í síma 456 7512. Helgi.

Óska eftir **uppvottavél**. Upplýsingar í síma 456 6263

Til sölu **Yamaha V-Max 600** vélsleði árg. '95, ekinn 1800 km. Toppeintak. Upplýsingar í síma 456 4985, eftir kl. 19

Til sölu **Daihatsu Rocky**, lengri gerð, árg. '87. Dúndur jeppi. Upplýsingar í síma 896 2896

Til sölu 143m² **einbýlishús** ásamt 40m² bílskúr að Fagraholti 3 Ísafirði. Ásett verð 11,8 millj. Upplýsingar í síma 456 3928 eða 456 4323. Erlingur Tryggvason.

Íbúð til leigu, 2 herbergi og eldhús, sér inngangur og þvottahús. Á sama stað er til sölu 3 ára AEG þvottavél. Upplýsingar í síma 456 3678

Til sölu **Subaru Station '86**. Upplýsingar í síma 456 4054

Óska eftir 4ra herbergja **íbúð** til leigu á Ísafirði. Upplýsingar í síma 482 3778

Til sölu er 2ja herbergja **íbúð** að Þjóðólfsvegi 14, Bolungarvík. Íbúðin getur verið laus fljótlega. Upplýsingar eru veittar í síma 456 4961

Barna-innskór töpuðust fyrr í þessum mánuði á leiðinni frá Eyrarskjóli inn í fjörð. Finnandi vinsamlega skili þeim í tapað/fundið á lögreglustöðinni.

Til sölu **jeppadekk**, 31" x 4 á kr. 18 þús., borðtennisborð á kr. 10 þús. Einnig til sölu eða leigu Hafnargata 46. Leiga á mann kr. 3000. Upplýsingar í síma 453 6374, 453 4557 og 456 7173.

Til sölu **Yamaha hljómborð**, lítur út sem nýtt. Upplýsingar í síma 456 8237

Tek að mér **barnapössun** - er inn í firði. Upplýsingar í síma 456 4681, Ingibjörg.

Til sölu **Yamaha V-Max 600** árg. '94, ekinn 3.800 km. Nýtt gróft belti. Upplýsingar í síma 456 4531 og 456 5474

Til sölu **Subaru Station**, 4x4 árg. '87. Upplýsingar í síma 456 3391 og 852 1457

Til sölu **Volvo 240** árg. '83, skoðaður '97, er í góðu standi. selst á 90 þús. stgr. Upplýsingar í síma 456 7581

Til leigu 3ja herbergja **íbúð** að Seljalandsvegi 75. Upplýsingar í síma 456 4102

Kuldagalli nr. 54 til sölu, ónotaður, verð kr. 7000. Upplýsingar í síma 897 6778

Til sölu **Daihatsu Charade CX** árg. '91. Ekinn ca. 40 þús. Upplýsingar í síma 456 4255, eftir kl. 17

Lítið **einbýlishús til leigu** í Bolungarvík. Upplýsingar í síma 456 5280 og 456 7055, á kvöldin.

Óska eftir að kaupa notað **trommuset**. Upplýsingar í síma 456 3847.



UM HELGINA

Föstudagskvöld til kl. 03:00

Sævar Sverris og Ingólfur úr Pláhnetunni skemmta ásamt diskóteki til kl. 03:00

Laugardagskvöld til kl. 03:00

Diskótek



UM HELGINA

Laugardagskvöld til kl. 03:00

Sævar Sverris og Ingólfur skemmta til kl. 03:00

skemmta til kl. 03:00

- alltaf eitthvað nýtt í ofninum

ÍSÁFJARÐARBÍÓ



THE NUTTY PROFESSOR

Fimmtudagur kl. 21:00


Föstudagur kl. 21:00

Sunnudagur kl. 17:00 og 21:00

Mánudagur kl. 21:00



Helgar-dagskráin



Föstudagur

09.00 Sjónvarpsmarkaðurinn
13.00 Rottukóngurinn
15.10 Út í loftið
15.35 NBA-tilbrif
16.00 Kóngulóarmaðurinn
16.25 Sögur úr Andabæ
16.50 Myrkfælnu draugarnir
17.15 Brúmmi
17.20 Vatnaskrímilin
17.30 Glæstar vonir
18.00 Fréttir
18.05 Íslenski listinn
19.00 19 > 20
20.00 Lois og Clark (14:22)
21.00 Sprelligosar

Tommy Boy
Sprengihægileg gamanmynd um stuðboltann Tommy Callahan sem fær þægilegt starf hjá fjölskyldufyrirtækinu að loknu löngu og ströngu námi.

22.40 Fæddir morðingjar
Natural Born Killers
Þema mánaðarins á Stöð 2 er myndir eftir Quentin Tarantino og nú er komið að þeirri umdeildustu. Hér er á hrikalegan hátt gert grín að ofbeldisdýrkun í bandarískum fjölmiðlum og sögð saga af tveimur fjölda-morðingjum sem verða að eins konar alþýðhetjum. Stranglega bönnuð börnum.

00.40 Rottukóngurinn
King Rat
sjá umfjöllun að ofan.

02.55 Dagskrárlok

Laugardagur

09.00 Með afa
09.50 Villti Villi
10.15 Bibí og félagar
11.10 Skippy
11.35 Soffía og Virginia
12.00 NBA-molar
12.25 Sjónvarpsmarkaðurinn
12.50 Suður á bóginn (18:23)
13.40 Lois og Clark (16:22)
14.25 Bikarkeppni KKI - Úrslit
17.45 Glæstar vonir
18.05 60 mínútur (e)
19.00 19 > 20
20.00 Smith og Jones (7:13)
20.35 Vinir (19:24)
21.05 Litlir risar

Danny O'Shea hefur alla tíð staðið í skugga Kevins bróður síns. Kevin er sterkur, fráfrá fæti og hrókur alls fagnaðar. Danny er ekkert af þessu. Hann vinnur á bensinstöð á meðan bróðir hans baðar sig í frægðarljósum, enda mikil ruðningshetja. En þegar Kevin velur ekki dóttur Dannya í líðið sitt ákveður sá síðarnefndi að nú sé nóg komið. Hann stofnar nýtt líd sem samanstendur af þeim sem alls staðar eru hafðir út undan og ákveður að skáka líði bróður síns.

22.55 Bardagamaðurinn
Streetfighter
Hörkuspennandi bardagamynd með Jean-Claude Van Damme. Stranglega bönnuð börnum

00.35 Í nafni föðurins (e)
In The Name Of The Father
Daniel Day-Lewis og Emma Thompson vinna hér með leikstjóranum Jim Sheridan sem gerði meðal annars myndina um vinstri fótinn. Handritið er byggt á minningum ungs Íra, eins af Guildford-fjórmenningunum, sem var ranglega sakfelldur fyrir aðild að hryðjuverkum á Englandi og dvaldi í fangelsi í 15 ár. Bönnuð börnum.

02.45 Dagskrárlok

Sunnudagur

09.00 Bangsar og bananar
09.05 Kolli káti
09.30 Heimurinn hennar Ollu
09.55 Í Eriþborg
10.20 Trillurnar þrjár
10.45 Stormsveipur
11.10 Eyjarklíkan
11.35 Ein af strákunum
12.00 Íslenski listinn
13.00 Íþróttir á sunnudegi

16.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
17.00 Húsið á sléttunni (14:24)
17.45 Glæstar vonir
18.05 Í sviðsljósinu
19.00 19 > 20
20.00 Chicago-sjúkrahúsið
20.50 Gott kvöld með Gísla Rúnari
21.50 Otis Redding
22.40 Rauði lampinn (e)
Raise The Red Lantern
Fjögurra stjörnu kvikmynd sem er gerð af einum virtasta leikstjóra Kínverja og var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta erlenda myndin árið 1991.

00.40 Dagskrárlok

Föstudagur

16.20 Þingsjá
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Sjónvarpskringlan
17.50 Táknálsfréttir
18.00 Höfri og vinir hans (6:26)
18.25 Ungur uppfinningamaður
18.50 Fjör á fjölbraut (24:26)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.35 Happ í hendi
20.40 Dagsljós

21.15 Myndbandaannáll 1996
Í þættinum verður fjallað um tónlistarmyndbönd ársins 1996 og veitt verðlaun fyrir þau sem þóttu skara fram úr.

21.55 Kavanagh lögmaður
Kavanagh Q.C.: True Commitment
Bresk sakamála mynd frá 1995 um lögmanninn snjalla, James Kavanagh, sem í þetta skiptið tekur að sér að verja ungan mann sakaðan um að hafa drepið nýfasista.

23.05 Hjónaleysin (5:13)
23.55 Japanar eru elskhuga bestir

Japanar sind die bessere Liebhaber
Þýsk mynd frá 1995 þar sem á gamansaman hátt er skoðuð hæfni Japana á sviði ásta og viðskipta. Leikstjóri er Philipp Weinges.

01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.45 Syrpan
Endursýndur íþróttabáttur frá fimmtudegi.
11.15 Hlé
14.35 Sjónvarpskringlan
14.50 Enska knattspyrnu
16.50 Íþróttabátturinn
17.50 Táknálsfréttir
18.00 Ævintýraheimur (14:26)
18.30 Hafgúan (17:26)
19.00 Lífið kallar (18:19)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.35 Lottó
20.45 Enn ein stöðin

Spaugstofumennirnir Karl Agust, Pálmi, Randver, Sigurður og Örn bregða á leik eins og þeim einum er lagið.

21.15 Laugardagskvöld með Hemma
22.00 Föst í fönn
Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1994 byggð á sannri sögu um unga fjölskyldu sem lendir í miklum hrakningum í vetrarveðri.

23.35 Borgarastríð
Latino
Bandarísk stríðsmynd frá 1985 sem gerist í stríðinu milli kontra-skæruliða og sandínista í Níkarakva.

01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.45 Hlé
13.00 Bonnie Raitt
14.00 Íslandsmótíð í badminton
16.20 Fararstjórnin
17.50 Táknálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.25 Lena í lystigarði málarans Linnea í málarans trädgård

Sænsk teiknimynd gerð eftir margverðlaunaðri bók um unga stúlku sem fer með nágranna sínum að skoða garð listmálarans Monets í Giverny í Frakklandi.

19.00 Geimstöðin 2:26
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.35 Sterkasti maður heims
21.30 Nýi presturinn (5:6)
Ballykissangel
Breskur myndaflokkur um ungan prest sem kemur til smábæjar á Írlandi. Viðhorf hans og safnaðarins fara ekki alltaf saman og lendir presturinn í ýmsum skondnum uppákomum.

22.20 Helgarsportíð

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Erum með til sölu

fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu



Þökkum innilega öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærs eiginmanns, sonar, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa

Ásgeirs Guðmundssonar,
Hafnargötu 115A, Bolungarvík

Sérstakar þakkir til lækna og starfsfólks Fjórðungssjúkrahúss Ísafjarðar, fyrir góða umönnun og hlýlegt viðmót í alla staði.

Kristrún Benediktsdóttir
Guðrún Sigurðardóttir

Jón S. Ásgeirsson
Benedikta F. Ásgeirsdóttir
Eva M. Ásgeirsdóttir
Guðrún Ásgeirsdóttir
Húni S. Ásgeirsson
Ásrún Ásgeirsdóttir
Erla Þórunn Ásgeirsdóttir
Guðmundur S. Ásgeirsson
Kolbrún Rögnvaldsdóttir
Inga M. Ásgeirsdóttir

Hjördís Þorgilsdóttir
Jón F. Gunnarsson
Sigurður Aðalsteinnsson
Ingimar Baldursson
Bryndís Sigurðardóttir
Gylfi Þórðarson
Hallgrímur Hallsson
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Gunnar Njálsson
Sigurður B. Hansson

Rósa S. Ásgeirsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



TENGILL sf.

Rafþjónusta • Nýlagnir • Viðhald

Símar: 456 8178, 456 8278 & 853 1078
Fax: 456 8288 • Netfang: tengill@snerpa.is

Getum bætt við okkur verkefnum í Ísafjarðarbæ og nágrenni

Tengill sf.
Fjarðargötu 5
470 Þingeyri



Foreldrar Forráðamenn

Vegna útfarar Sigfúsar B. Valdimarssonar, laugardaginn 1. febrúar, fellur Krakkaklúbburinn niður föstudaginn 31. janúar.

Hvítasunnukirkjan Salem.



Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk



Fauk fram af Óshlíð og endaði á hvolfi í fjöruborðinu


Beltin og Guð björguðu mér

– segir Valdimar Lúðvík Gíslason, sérleyfishafi á leiðinni milli Ísafjarðar og Bolungarvík, sem lenti í þeirri óskemmtilegu lífeyrslu á fimmtudag í síðustu viku að fjúka með bifreið sinni 30-40 metra niður snarbratta Óshlíð

„Ég var í Seljadalnum, á svipuðum slóðum og vindurinn hafði feykt tveimur öðrum bifreiðum stuttu áður. Það var fljúgandi hálsa og miklir sviptivindar og því var ég búinn að snúa við og ætlaði aftur til baka. Ég mætti bíl og þurfti því að fara aðeins utar á veginum. Ég náði ekki bílnum á réttan vegarhelming og á sama augnabliki kom mikil vindhviða og náðast feykta bílnum fram af veginum,” sagði Valdimar Lúðvík Gíslason, sérleyfishafi á leiðinni milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, en hann lenti í þeirri óhugnalegu lífsreynslu rétt eftir kl. 13 á fimmtudag í síðustu

viku, að bifreið hans fók út af veginum um Óshlíð og stöðvaðist ekki fyrr en í fjöruborðinu, um 30-40 metrum fyrir neðan veginn. Bifreið Valdímars Lúðvíks sem er af Toyota HiAce gerð er gjörónýt. Hann slapp sjálfur með skrámur og mar.

„Bílinn fór eina eða tvær veltur og stöðvaðist á hvolfi. Þetta var skrýtin tilfinning enda hef ég aldrei lent í neinu slíku áður og er þó búinn að aka um veginn í 33 ár. Ég hef fram til þessa verið mjög lánsamur á Óshlíðinni. Ég held að beltin og Guð almáttugur hafi orðið mér til bjargar,” sagði Valdimar Lúðvík. Eftir að bifreið



Bifreið Valdímars Lúðvíks í fjöruborðinu við Óshlíð. Eins og sjá má er bifreiðin ónýt og kraftaverk að ökumaður skyldi ekki hljóta meiri meðsl en raun ber vitni. Valdimar Lúðvík Gíslason er á innfelldu myndinni.

hans stöðvaðist á hvolfi í fjöruborðinu, náði Valdimar Lúðvík að komast út úr henni en það tók nokkurn tíma þar sem hún var illa farin. Hann kraflaði sig upp á veginn og stuttu síðar kom þar að önnur bifreið. Ökumaður hennar ók Valdimar Lúðvík að heilsugæslustöðinni í Bolungarvík þar sem hjúkrunarkona hlynti að honum, en læknilaust er í Bolung-

arvík um þessar mundir. „Ég er með skrámur og er mjög aumur eftir beltin. Þau tóku mikið á og hafa eflaust bjargað lífi mínu. Þetta var óskemmtileg lífsreynsla, með því óhuggulegra sem maður getur lent í. Ég hef ekið Óshlíðina áður í miklu hvasv- viðri, en aðstæðurnar voru slæmar í dag, hvasst og mikil hálsa. Vegurinn hallar fram á

vegbrún í stað þess að halla að fjallinu og því fór sem fór. Það má kannski segja það eftir á, að vanir menn eins og ég eigi ekki að gera svona hluti en það er alltaf gott að vera vitur eftir á,” sagði Valdimar Lúðvík Gíslason í samtali við blaðið. Tvær aðrar bifreiðar fuku til á Óshlíð á fimmtudag í síðustu viku og vó önnur þeirra salt á vegarbrún en hin stöðvaðist

utan vegar nær fjallshlíðinni. Sama dag fók bifreið út af Hnífsdalsvegi, við Leiti í Hnífsdal og á föstudag fók bifreið út af Óshlíðarvegi, á svipuðum slóðum og bifreið Valdímars Lúðvíks. Bifreiðin stöðvaðist niður í fjöru og er talin mikið skemmd. Ökumaður hennar slapp án teljandi meðsl.

Strætisvagn ók inn í hús í Hnífsdal

Mildi að engan sakaði

Mikil mildi var að ekki urðu slys á fólki er vagn frá Strætisvögnum Ísafjarðar fór út af veginum við Hreggnasa í Hnífsdal um kl. 9 á fimmtudag í síðustu viku og hafnaði inni í íbúðarhúsi. Miklar skemmdir urðu á vagninum sem og á húsinu, en það var talið óbúðarhæft eftir óhappið. Ökumaðurinn strætisvagnsins var einn í bifreiðinni og sakaði hann ekki. Ung kona með þriggja ára son sinn var á efri hæð hússins og sakaði þau ekki.

Vagninn var að koma frá Ísafirði og virðist sem hann hafi fokið út af veginum í hálfu og hafnað á íbúðarhúsinu við Hreggnasa 3, sem er þriggja hæða timburhúsi. Framandi strætisvagnsins lenti inni í eldhúsi og urðu miklar skemmdir á því sem og á lofti eldhússins, en þar fyrir ofan er svefnherbergi húsráðenda. Þá urðu nokkrar skemmdir á ofnakerfi hússins. María Dröfn Erlendsdóttir var í svefnherberginu ásamt syni sínum þegar



Eins og sjá má urðu miklar skemmdir á eldhúsinu.

Óhappið var. Hún var uppi í rúmi þegar hún heyrði í mikilli vindhviðu. Í sömu andrá heyrðist mikill dynkur og brothljóð frá neðri hæðinni og hraðaði hún sér því þangað. Þar blasti við henni strætisvagn í eldhúsinu.

Starfsstúlkur hjá Bakka hf., í Hnífsdal komu ökumanni strætisvagnsins til hjálpar og

komu honum í húsaskjól. Mjög hvasst var í Hnífsdal þennan morgun, sunnan 8-10 vindstig, en sunnan og suðvestan áttir geta verið mjög sterkar í Hnífsdal þar sem vindurinn slær niður dalinn. Bifreiðar sem stóðu við Bakka hf., fuku til í verstu hviðunum og urðu nokkrar skemmdir á þeim. Þá fók hluti af glerhúsi við



Strætisvagninn fók út af veginum við Hreggnasa og stöðvaðist inni í eldhúsi á þessu þriggja hæða timburhúsi.

Strandgötu í Hnífsdal. Þann 15. janúar á síðasta ári ók sami strætisvagn inn í hús við Sundstræti á Ísafirði.

Um kl. 13 sama dag, fuku síðan tvær bifreiðar á veginum um Óshlíð. Önnur þeirra stöðvaðist á vegarbrún við Seljaldal og vó þar salt. Um þrjátíu metra snarbrött hlíð er þar niður í sjó. Hin bifreiðin stöðvaðist fyrir ofan veginn. Engin slys urðu á fólki.



Bifreið þessi skemmdist nokkuð er hún fók á staðinu við Bakka í Hnífsdal.